

Mágusar -tíðindi



2022

HVER VER ÞÍNA HAGSMUNI ?



KVH er stéttarfélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga og gerir kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði. KVH vinnur að bættum kjörum og réttindum, óháð starfsvettvangi, vinnuveitanda eða ráðningarformi.

Kynntu þér málið - vertu með !

KVH

KJARAFÉLAG
VIÐSKIPTAFRÆÐINGA
OG HAGFRÆÐINGA

KVH er aðili að BHM



www.kjarafelag.is

Mágusartíðindi 2022



Ritnefnd: Brynhildur Hermannsdóttir
Halldór Smári Gunnarsson
Hrafnhildur Hávarðardóttir
Jeremi Zyrek
Matthías Már Marteinnsson
Rakel Rebekka Sigurðardóttir

Ritstjóri: Jeremi Zyrek

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 200 eintök

Hönnun og umbrot: Jeremi Zyrek
Studio 7-9-13

Letur: Neue Haas Unica
Nimbus Sans Extd.

Sérstakar þakkir: Birgir Einar Jónsson
Flóki Sigurjónsson
Bankastræti Club
Stúdentakjallarinn
Stefán Kári Ottósson
Lars Davíð Gunnarsson



Stjórn Mágusar:

Frá vinstri til hægri:

Jeremi Zyrek, ritstjóri Mágusartíðinda
Hugrún Helga Stefánsdóttir, varaformaður
Logi Stefánsson, nýnemafulltrúi
Magnús Daði Eyjólfsson, formaður
Hlynur Einarsson, formaður íþróttanefndar
Díana Helga Guðjónsdóttir, gjaldkeri
Stefán Kári Ottósson, markaðsstjóri
Birgitta Nótt Guðmundsdóttir, skemmtanastýra

Efnisyfirlit

1

Ávarp ritstjóra

3

Ávarp formanns

4

Nefndir Mágusar

6

Spurt og svarað

8

Spurningakeppnin

10

Félagslíf Mágusar

12

Somersby Sumarpartý

13

Nýnemaferðin

14

Hautpartý Mágusar

15

Opnun heimabarsins

16

Vísindaferðir

18

Skíðaferð Mágusar

20

Íþróttaviðburðir Mágusar

22

Árshátíðarviðtöl

24

Mágusarmerch

26

Nemendur í skiptinámi

28

Langar þig í skiptinám?

30

Innlit í Háskólagarða

32

Jón Jósafat Björnsson

34

Róbert Wessman

36

Katrín Olga Jóhannesdóttir

37

Birna Einarsdóttir

38

Suitup

40

Icelandic Startups

42

Stjörnuþá Mágusar

43

Drykkjuleikir Mágusar

44

Viðskiptafræðimemes

Ávarp ritstjóra

Kæri Mágusingur og lesandi, það er mér sönn ánægja að þessi útgáfa Mágusartíðinda sé loks komin í þínar hendur.

Fyrst og fremst vil ég lýsa yfir stolti mínu og þakklæti yfir því að hafa tekið þátt í skrifum, vinnslu og útgáfu á þessu tímariti með frábæru og hæfileikaríku vinum mínum í ritnefndinni, án þeirra væri þetta blað ekki að veruleika og það hefur verið eintóm ánægja að starfa með þeim. Allir fundir og vinnustundir fram eftir kvöldi, allur undirbúningur og öll viðtöl sem við í ritnefndinni nutum saman hefur allt skilað sér í formi tímaritsins sem þú heldur nú á.

Ég vil einnig þakka þér, kæri Mágusingur, fyrir að hafa gert félagslífið okkar að því sem það varð á þessu skrytna og óvenjulega ári. Félagslífið sem við öll höfum mótað saman hefur skapað minningar, tengsl og gleðistundir sem ég mun lengi meta og varðveita.

Áður en ég varð ritstjóri var ég í ritnefnd Mágusar sem gerði æðislegu útgáfuna af Mágusartíðindum á seinasta ári, reynsla sem án efa nýttist vel í ritstjórarstarfsemi. Ég vil þakka Kristínu Rós Björnsdóttir, fyrri ritstýru, fyrir alla hjálpina og innleiðslu sem hún veitti mér við stjórnarskipti.

Þegar ég tók að mér það verk að verða ritstjóri og stjórnarmeðlimur bjóst ég ekki við þeim æðislegu vináttutengslum sem blómstruðu í gegnum þá starfsemi. Þetta gaf af sér það tækifæri að mynda frábæran vinahóp sem ég myndi án efa kalla mína nánustu vini.

Ég tók við starfsemiinni með það í huga að bæta upp félagslífið frá seinasta ári, sem faraldurinn skemmdi töluvert. Með þær jákvæðu fréttir um tilkomandi "frelsi" í samfélaginu ákvað ég að gera það að markmiði mínu að leggja mitt besta fram við að gera skólaárið eins ógleymanlega skemmtilegt og hægt er. Afléttingin á öllum takmörkunum gerði okkur kleift að halda skíðaferðina, vísindaferðir og marga aðra viðburði og þökk sé afléttingunum opnast einnig möguleikinn á því að halda bestu og flottustu árshátíð hingað til.

Ég setti mér einnig það markmið að leggja vinnu við tímarit sem myndi haldast tímalaust og yrði skemmtilegur lestur fyrir alla hópa samfélagsins, ég vona innilega að ég hafi náð því markmiði.

Þetta tímarit lýsir viðburðum sem nemendafélagið Mágus hefur haldið og gefur innlit inn í félagslífið sem við höfum átt þetta liðna ár. Markmiðið er að sýna bæði Mágusingum og lesendum hvernig starfsemin hefur verið, auk þess viljum við festa minningarnar sem skapaðar voru í rituðu formi um ókomin ár.

Þetta tímarit merkir einnig ákveðin tímamót hjá stjórn Mágusar, þar sem við í núverandi stjórn höfum þjónað okkar tilgangi og réttum keflið yfir á næstu stjórn sem tekur við. Ég er handviss um að það verði frábær hópur og ég get ekki beðið eftir að taka þátt í öllu sem þau skipuleggja.

Hver veit hvert við förum eftir þetta nám, flest okkar munu líklegast tvístrast hver í sínar áttir í eftirförinni af velgengni en ég er handviss um að minningarnar og ómetanlegu vinatengslin munu sitja eftir í okkur öllum.

Fyrir hönd Mágusar, nemendafélags viðskiptafræðideildar við Háskóla Íslands, vil ég vona að þú, kæri Mágusingur og lesandi, munir njóta blaðsins og lestursins hvenær sem er á lífsleiðinni.

Jeremi Zyrek, ritstjóri Mágusartíðinda.



"Takk fyrir allar minningarnar, þær munu seint gleymast!"

Paň sést á brosinu.



Kristall

Ávarp formanns

Kæru Mágusingar, það hefur verið sannur heiður að vera formaður Mágusar síðan í byrjun apríl á síðasta ári. Þetta skólaár hefur liðið gríðarlega fljótt en verið viðburðaríkt og skemmtilegt. Ég er þakklátur fyrir að hafa haft góða stjórn með mér við stjórnartaumana en vinna allra í stjórninni þetta árið hefur verið framúrskarandi.

Félagslífið í fyrra var af skornum skammti vegna veirunnar skæðu og fór ég bara í eina vísindaferð í fyrra og vissi því varla hvernig vísindaferðir virkuðu. Ég vil þess vegna endilega fá að þakka fyrri stjórn og fyrrum formönnum fyrir góð ráð sem nýttust okkur vel í skipulagningu og einfölduðu vinnuna okkar til muna. Fyrsta verk okkar var að skipa varaformann Mágusar en fyrir valinu varð Hugrún Helga Stefánsdóttir.

Fyrsti viðburðurinn okkar var hið glæsilega próflokapartý sem var haldið í Gróttusalnum á Seltjarnarnesi og gekk það vonum frammar. Við höldum einnig FOLF mót um sumarið og var þar boðið upp á Dominos pizzur og ískaldan Gull í góða veðrinu á Klambratúni.

Þegar nýtt skólaár gekk í garð höldum við glæsilega nýnemaferð en þar setti Covid strik í reikninginn. Meirihluti stjórnarinnar skellti sér í djammferð til Tene rétt fyrir byrjun skólaársins og við komuna til landins þurftum við öll nema Dána að fara í einangrun og sóttkví. Við vorum því einstaklega heppin að stjórn Mágusar 2020-2021 ásamt Dönu gat farið í ferðina í staðinn fyrir okkur Covid pésana.

Logi Stefánsson var valinn nýnemafulltrúi í byrjun haustannarinnar og þar með var stjórn Mágusar 2021-2022 orðin að fullkominni heild. Í heildina munum við fara í 16 vísindaferðir á skólaárinu 2021-2022 sem verður að teljast mjög gott, þar sem Covid hafði talsverð áhrif á starfsemi Mágusar í vetur. Við nýttum okkur þó vel þann tíma þar sem hægt var að halda viðburði og höldum við partý og skemmtileg íþróttamót. Skíðaferðin til Akureyrar var sjúklega skemmtileg og skemmtu Mágusingar sér vel á skemmtistaðnum Vamos. Það var gleðilegt hvað margir fóru í Hlíðarfjall þrátt fyrir stutta nótt og mikla skemmtun kvöldið áður. Það voru nú ekki margir félagsmenn sem fóru norður í þeim tilgangi að sofa.

Í ár gekk sérstaklega vel að safna afsláttum fyrir Mágusinga og útbjuggum við rafrænt nemendaskírteini þar sem Mágusingar fengu skírteinin sín í Wallet í símanum. Heimabær Mágusar á skólaárinu var Bankastræti Club og vorum við dugleg að fara þangað eftir vísindaferðir í 3f1 af kokteilum. Við vorum með Mágusar-merch þar sem seldar voru hettupeysur og taupokar, en þetta var annað árið af Mágusar-merchinu.

Ég hef kynnst fullt af frábæru fólki í gegnum starf Mágusar og er ég afar þakklátur fyrir að hafa fengið að verma sæti formanns. Við reyndum okkar allra besta og þrátt fyrir Covid takmarkanir er ég þakklátur hvað við náðum að halda marga viðburði miðað við aðstæður. Það hefur verið ótrúlega gefandi að starfa í ykkar þágu og vonandi hafið þið notið góðs af því. Ég þakka öllum kærlega fyrir sem skráðu sig í Mágus, mættu í vísindaferðirnar, íþróttamótin, skíðaferðina og alla viðburðina okkar. Einnig vil ég þakka meðstjórnendum mínum sem eru öll bestu vinir mínir og nefndunum þeirra sem hafa staðið sig öll með þryði.

Þegar þú ert að lesa þetta núna er stærsti viðburður skólaársins coming up, sjálf árshátíðin sem verður extra flott í ár, sem og stjórnarkosningar og stjórnskipta-partý. Ég óska næstu stjórn alls hins besta og ég hlakka mikið til að mæta á viðburðina ykkar.

Takk fyrir mig og lengi lifi rebbi!

Magnús Daði Eyjólfsson, formaður Mágusar.



"Þrátt fyrir þetta Covid ár gátum við haldið mikið af viðburðum og er ég gríðarlega þakklátur fyrir það. Takk Þórólfur :)"

Nefndir Mágusar

Ritnefnd:

Ritnefndin ber ábyrgð á því að skrifa og gefa út Mágusartíðindin til ykkar Mágusinga. Í því felst að skrifa greinar um alla viðburðina sem Mágus heldur, taka ýmis áhugaverð viðtöl og að lokum halda útgáfupartý tímarítsins.

Ritstjórinn, Jeremi Zyrek, tók að sér fimm þaulreynda meðlimi og saman unnu þau að þessu blaði sem þú ert nú að lesa. Við vonum að þú njótir þess!



Frá vinstri til hægri:

Brynhildur Hermannsdóttir, Rakei Rebekka Sigurðardóttir, Hrafnhildur Hávarðardóttir, Jeremi Zyrek, Halldór Smári Gunnarsson, Matthías Már Marteinnsson.

Skemmtinefnd:

Hlutverk skemmtinefndarinnar er að skipuleggja stórfenglega og eftirminnanlega viðburði fyrir Mágusinga.

Birgitta Nótt Guðmundsdóttir, skemmtanastýra, tók að sér sex skemmtilega meðlimi og skipuleggja þau árlegu skíðaferðina og mikilvægasta kvöld skólaársins; árshátíðina. Í því felst að redda staðsetningu, skemmtikröftum, veitingum, drykkjum, og halda skipulagða dagskrá utan um allt.



Frá vinstri til hægri:

Sóley Bjarkadóttir, Viktor Ernir Ingimarsson, Ísey Rúnarsdóttir Bridde, Kristinn Jökull Kristinsson, Birgitta Nótt Guðmundsdóttir, Guðjón Smári Smáráson, Birta Líf Jökulsdóttir.

Markaðsnefnd:

Allir vita að nemendafélög eru ekkert án samfélagsmiðla og markaðsnefndin vinnur nákvæmlega þau störf. Formaður nefndarinnar, Stefán Kári Ottósson og þrír hæfileikaríkir Mágusingar sem bættust við í hans teymi stýra öllum samfélagsmiðlum Mágusar.

Auk þess eru helstu verkefni nefndarinnar að safna margskonar styrkjum og afslættum fyrir Mágusinga, sjá um grafíska vinnslu bak við auglýsingarnar og alla auglýsingamiðlun og að pósta á hinu sívinsælu Instagram meme-síðu sem stofnuð var á þessu skólaári; @vidskiptafrædimemes.

Frá vinstri til hægri:

Viktor Ágústsson, Sandra Sif Baldursdóttir, Stefán Kári Ottósson, Lars Davíð Gunnarsson.




Íþróttanefnd:

Íþróttanefndin ber titilinn ekki að ástæðulausu, þar sem þau sjá um að plana alla íþróttaviðburði skólaársins.

Formaður nefndarinnar, Hlynur Einarsson, ásamt þremur hressum íþróttunnendum sjá um að halda ýmislegar keppnir og mót, sem nokkur má nefna badmintonmótið, keilumótið og fleiri.

Frá vinstri til hægri:

Sólon Björn Hannesson, Hlynur Einarsson, Sóley Björk, Danival Ísak Jónsson.



Nýnemar

Hákon Helgi Kristjánsson



Aldur? 20 ára.

Stjörnumerki? Steingeit.

Hvaða menntaskóla varst þú í? Flensburg.

Ertu í vinnu með skólanum? Já, vinn í Icewear.

Afhverju valdir þú viðskiptafræði? Vegna þess að mig langaði að kynna því hvernig það er í raun að stjórna og halda fyrirtækjum gangandi.

Hvað er það fyndnasta sem hefur gerst á skólaárinu? Erfitt val en ég og tveir aðrir félagar skemmtum okkur konunglega við að velja okkur búning í Hókus Pókus.

Hver var besti viðburður ársins? Mér fannst vísindaferðin í Hvíta húsið mjög skemmtileg.

Hvað er síðasta SMS sem þú fékkst? "Hakon, timinn thinn er 11:00 a morgun 17.01 - Afbokanir : 5557733 - Skipt í midju."

Skemmtilegasti djammstaður downtown? 203 og Bankastræti Club.

Go to drykkur? Fátt betra heldur en góður G&T.

Hvaða áfengi ertu kominn með ógeð af? Tequila, æli upp í mig.

Ef þú ættir að verða CEO af fyrirtæki hvaða fyrirtæki væri það? Nike, Apple, Bank of America og Walt Disney.

Myndi Jack komast á plankann þegar Titanic sökk? Já, en ef hann myndi fara á plankann þá myndi plankinn ekki ná að fljóta á vatninu og sökkva.

Guilty pleasure? Horfa á drama í raunveruleikabáttum með systur minni.

Ertu með djammtattú? Já, fékk mér svakalegt Playboy límmiðatatto á spáni en það er farið núna.

Hvað sefur þú marga klukkutíma hverja nótt? Ekki marga, life is now, þú getur sofið þegar þú ert dauður.

Ertu með eitthvað fetish? Litlar baddies sem eru með pabba vandamál.

Mesta turnoff? Judgemental og bad vibes.

Jökull Veigarsson



Aldur? 24 held ég. Ekki segja 02 módelunum það samt.

Stjörnumerki? Tvíburi.

Hvaða menntaskóla varst þú í? No comment.

Ertu í vinnu með skólanum? Já þremur.

Afhverju valdir þú viðskiptafræði? Peningar vaxa ekki á trjám.

Hvað er það fyndnasta sem hefur gerst á skólaárinu?

Var ekki valinn nýnemafulltrúi.

Hver var besti viðburður ársins? Bankastræti Club SHUTDOWN.

Hvað er síðasta SMS sem þú fékkst? "Hello, We have started liquidating your BITCOIN/USDT isolated margin account"

Skemmtilegasti djammstaður downtown? Kiki baby.

Go to drykkur? Handspritt.

Hvaða áfengi ertu kominn/nn með ógeð af? Handspritt.

Ef þú ættir að verða CEO af fyrirtæki hvaða fyrirtæki væri það? Er ekki ísey útflutningur að leita sér að nýjum?

Myndi Jack komast á plankann þegar Titanic sökk? Þarf ekki að vera rúmfræði snillingur til að komast að því.

Guilty pleasure? Öskursyngja Frozen 1 soundtrackið.

Ertu með djammtattú? Heldur betur, er með staffatattú frá bar sem brann til kaldra kola. Tjái mig ekki meira um það mál.

Hvað sefur þú marga klukkutíma hverja nótt? Matthew Walker væri disappointed.

Ertu með eitthvað fetish? Ertu að spurja gæja sem hengur á Kiki og öskursyngur Frozen í frítímanum sínum hvort hann sé með fetish, ég er augljóslega furry. Sven er hot daddy.

Mesta turnoff? Olaf.

Sylvia Rut Gunnarsdóttir



Aldur? 20 ára

Stjörnumerki? Ljón

Hvaða menntaskóla varst þú í? FNV

Ertu í vinnu með skólanum? Nei, pabbi splæsir

Afhverju valdir þú viðskiptafræði? Það er partur af "verða rík" manifestinu mínu

Hvað er það fyndnasta sem hefur gerst á skólaárinu?

"Sylvia þú hefur greinst með covid-19"

Hver var besti viðburður ársins? Er búinn að vera einhver viðburður?

Hvað er síðasta SMS sem þú fékkst? Like putti frá mömmu :.)

Skemmtilegasti djammstaður downtown? B5

Go to drykkur? Eldgos eða gin og grape - god bless

Hvaða áfengi ertu komin með ógeð af? Lakkris áfengi

Ef þú ættir að verða CEO af fyrirtæki hvaða fyrirtæki væri það? Blush

Myndi Jack komast á plankann þegar Titanic sökk? Já en plankinn hefði sokkið?

Guilty pleasure? Disney lög

Ertu með djammtattú? Já, ég er með rauðvinsglas á ökklanum

Hvað sefur þú marga klukkutíma hverja nótt? I need my 10 hours eða góðan nap um miðjan dag

Ertu með eitthvað fetish? Forvitnir fá ekki að vita

Mesta turnoff? Ókúsanlegir (er það orð?) gæjar

Sólrún Margrét Ólafsdóttir



Aldur? 21

Stjörnumerki? Hrutur

Hvaða menntaskóla varst þú í? Kvennó

Ertu í vinnu með skólanum? Jamm

Afhverju valdir þú viðskiptafræði? Mikið af mismunandi möguleikum upp á vinnu að gera

Hvað er það fyndnasta sem hefur gerst á skólaárinu?

Þegar vinur minn datt niður mest allan stigan í háskólabíó

Hver var besti viðburður ársins? Þegar vinur minn datt niður mest allan stigan í háskólabíó

Hvað er síðasta SMS sem þú fékkst? "Should I saw i was just not feeling it and black him on i sta"

Skemmtilegasti djammstaður downtown? Miami

Go to drykkur? Gin og tonic

Hvaða áfengi ertu komin/nn með ógeð af? Pissubjór

Ef þú ættir að verða CEO af fyrirtæki hvaða fyrirtæki væri það? *insert cool fyrirtæki hér*

Myndi Jack komast á plankann þegar Titanic sökk? Uuu döðö

Guilty pleasure? Too hot to handle þættirnir

Ertu með djammtattú? Nei

Hvað sefur þú marga klukkutíma hverja nótt? Úff, einhversstaðar á milli 3-13 klst

Ertu með eitthvað fetish? Góð spurning;

Mesta turnoff? Fragile masculinity

Kennarar

Ásdís E. Petersen



Hvaða stjörnumerki ert þú? Hrútur.

Hvað kennir þú? Vinnulag í viðskiptafræði og ýmis stjórnunar- og mannauðsfög.

Hvaða menntaskóla fórstu í? Verzlunarskóla Íslands.

Hvað myndir þú segja við 16 ára þig? Hættu að horfa svona mikið í spegil.

Hver er frægasta manneskjan í símaskránni þinni? Fyrirverandi þulur hjá RÚV.

Hvernig lítur fullkomið kósýkvöld út í þínum augum? Kakó, kertaljós og óteljandi nemendaverkefni.

Hver er uppáhalds drykkurinn þinn ef þú skyldir vera fara á djammíð? Aqua vitae.

Hvað er það vandræðalegasta sem þú hefur upplifað í kennslu eða í lífinu yfir höfuð? Frekar vandræðalegt að vera álitinn sendiherra Íslands og fá svitu á fínasta hótelinu í Frankfurt. Uppgötvæðist ekki fyrr en daginn eftir. Segi ekki hvar sendiherrann gisti í staðinn.

Hvað er þitt celebrity crush? Chaplin.

Hver er uppáhalds myndin þín? Babettes Gæstebud stendur alltaf fyrir sínu; full af skemmtilegum táknum.

Hvernig tónlist hlustar þú á? Fer eftir skapi hverju sinni. Allt frá þýskum slögurum og Vínarvölsum upp í þungarokk!

Hvaða dýr værir þú? Lamb.

Hvort ertu sumar, haust, vor eða vetrar manneskja? Vor.

Hvaða leikari myndi leika í mynd um lífið þitt? Edda Björgvíns.

Hefur þú séð Wolf of Wall Street? Horfi sko ekki á „dark comedy crime films“.

Hvaða stjörnumerki ert þú? Naut.

Hvaða áfanga hefur þú kennt? Mjög marga í rafmagns- og tölvuverkfræði: Greining rása, mynsturgreining, mjúkar reikninaðferðir, líkindaaðferðir, merki og kerfi, o.sv.frv.

Hvaða menntaskóla fórstu í? MR.

Hvað myndir þú segja við 16 ára þig? Vera jákvæður og nýta tækifærin. Það er fullt af þeim.

Hvernig lítur fullkomið kósýkvöld út í þínum augum? Rólegt kvöld með fjölskyldunni þar sem við horfum á sjónvarpið.

Hver er uppáhalds drykkurinn þinn ef þú skyldir vera neyta áfengis? Enginn sérstakur.

Hvað er það vandræðalegasta sem þú hefur upplifað í kennslu eða í lífinu yfir höfuð? Að panta næstum flug á borg sem var langt frá þeim áfangastað sem ég ætlaði að fara á. Gerðist fyrir mörgum árum.

Hver er uppáhalds myndin þín? Godfather I.

Hvernig tónlist hlustar þú á? Margs konar. Pönk, rokk, sálartónlist, blús o.s. frv. Mínir uppáhaldstónlistarmenn eru the Fall og Bob Dylan.

Hvaða dýr værir þú? Hef ekki hugmynd.

Hvort ertu vor, sumar, haust eða vetrar manneskja? Mér líkar að hafa fjórar árstíðir með þeim breytileika sem er á Íslandi. Hins vegar líkar mér best við hlýtt veður og því væri sumarið í uppáhaldi.

Hvaða leikari myndi leika í mynd um lífið þitt? Þetta er erfitt. Kyle MacLachlan kemur til greina.

Hefur þú séð Wolf of Wall Street? Eiginlega ekki. Held ég hafi byrjað á henni og hætt.

Jón Atli Benediktsson



Jón Þór Sturluson



Hvaða stjörnumerki ert þú? Bogamaður.

Hvað kennir þú? Fjármál og hagfræði.

Hvaða menntaskóla fórstu í? FB með viðkomu í FG.

Hvað myndir þú segja við 16 ára þig? Verðmætin liggja í uppfylltum draumum. Eltu þá.

Hver er frægasta manneskjan í símaskránni þinni? Ætli það sé ekki Katrín Jakobsdóttir eða Guðni Th. Jóhannesson. Kannski er Andrea Enria formaður eftirlitsnefndar evrópska seðlabankans frægari?

Hvernig lítur fullkomið kósýkvöld út í þínum augum? Góðir vinir, góður matur og drykkur, gott borðspil – helstu flókið.

Hver er uppáhalds drykkurinn þinn ef þú skyldir vera fara á djammíð? Ég enda yfirleitt í bjór (helst IPA).

Ertu með eitthvað guilty pleasure? Diskíóð maður, eins og það leggur sig.

Ertu með einhver leyndan hæfileika? Það vita ekki allir að ég er slarkfær trompetleikari, batnandi forritari og vaxandi skákmaður.

Hvað er þitt celebrity crush? Ég lenti einu sinni við hliðina á nóbelsverðlaunahafa í hagfræði í flugvél (í sex tíma) sem var mjög skemmtilegt. Ég hugsa að ef Scarlett Johansson hefði verið sessunaturinn hefði ferðalagið verið vandræðalegra.

Hver er uppáhalds kvikmyndin þín? Inception.

Hvernig tónlist hlustar þú á? Ég hlusta mest á klassík, jass og indie rokk. Svo er það auðvitað diskíóð.

Hvaða dýr værir þú? Ég er hundur (samkvæmt kínverska dýrhringnum) og á sjálfur Border Collie sem ég tengi vel við.

Hvort ertu sumar, haust, vor eða vetrar manneskja? Ég nýt allra árstíðanna.

Hvaða leikari myndi leika í mynd um lífið þitt? Tim Robins er í miklu uppáhaldi en er væntanlega of gamall. Ætli Ryan Gosling gæti ekki þullað það.

Hefur þú séð Wolf of Wall Street? Já. Mjög áhugaverð mynd og að hluta til byggð á sönnum heimildum. Það er verst að við vitum ekki alveg hvað er satt eða logið.

Hvaða stjörnumerki ert þú? Ég er bogamaður, fæddur 19. desember.

Hvað kennir þú? Ég kenni tvö af skemmtilegustu og mikilvægustu fögum viðskiptafræðinnar, fjárhagsbókhald og rekstrarbókhald.

Hvaða menntaskóla fórstu í? Ég var í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

Hvað myndir þú segja við 16 ára þig? „Komdu fram við náungann eins og þú vilt að hann komi fram við þig“.

Hver er frægasta manneskjan í símaskránni þinni? Mér sýnist það vera Bjarni Ármannsson.

Hvernig lítur fullkomið kósýkvöld út í þínum augum? Með Helgu minni!

Hver er uppáhalds drykkurinn þinn ef þú skyldir vera fara á djammíð? Það er Ginger Ale með lime og klökum.

Ertu með eitthvað guilty pleasure? Ég er svolítið hrifinn af Ritter Sport með Honey Salted Almonds.

Hvað er það vandræðalegasta sem þú hefur upplifað í kennslu eða í lífinu yfir höfuð? Ekki spyrja konu hvort hún sé með barni þó vöxturinn bendi til þess.

Ertu með einhver leyndan hæfileika? Já, ég er skemmtilegri en ég lít út fyrir að vera.

Hvað er þitt celebrity crush? Hef alltaf verið hrifinn af Söndru Bullock.

Hver er uppáhalds myndin þín? Jason Bourne þrileikurinn. Geri ekki upp á milli, allt geggjaðar myndir.

Hvaða dýr værir þú? Væri ekki stórkostlegt að vera haförn?

Hvort ertu sumar eða vetrar manneskja? Ég er góður allt árið. Handbolti og karfa á veturna, fótbolti á sumrin. Perfect!

Hvaða leikari myndi leika í mynd um lífið þitt? Stórleikarinn Árni Þór Lárusson myndi alltaf leika mig.

Hefur þú séð Wolf of Wall Street? Já, það eru nokkur góð atriði í þeirri mynd.

Rúnar Steinn Ragnarsson



Mágus vs. Markaðsráð

Þá er komið að spurningakeppni milli formanna nemendafélaga viðskiptafræðinema við Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur, Magnús Daði Eyjólfsson, formaður Mágusar vs. Matthildur Helga, formaður Markaðsráðs. Spurningarnar skiptast í 7 almennar spurningar og 4 viðskiptafræðilegar spurningar. Ef svörin eru tölur nær aðili með svarið næst rétta svarsins stigið, ef spurningin er með nokkra svarmöguleika, er gefið stig fyrir hvert rétt svar. Let the games begin!

Magnús Daði Eyjólfsson



1. Hvað fer í White Russian?

Svar: Vodka ✓ (1/3)

2. Hvaða lönd eru með landamæri að Sviss?

Svar: Þýskaland, Austurríki, Frakkland, Ítalía ✓

3. Hvað heitir eini veitingastaðurinn á Íslandi með Michelin stjörnu?

Svar: Dill ✓

4. Hvað eru Markaðsráð með marga

meðlimi?

Svar: 150 ✗

5. Hvað missti Mark Zuckerberg mikið í dollurum eftir að Facebook og Instagram lágu niðri?

Svar: 7 billjón ✓ (næri)

6. Í hvaða mánuði eru flest börn fædd?

Svar: Nóvember ✗

7. Hvaða dag var öllum Covid takmörkunum aflétt árið 2021?

Svar: 27. júní ✗

8. Fyrir hvað stendur GAAP?

Svar: General (eithvað) accounting principles ✓ (3/4)

9. Hvernig er útvíkkaða bókhaldsjafnan?

Svar: Eignir = skuldir + eigið fé - gjald ✓ (3/6)

10. Nefndu 3 ytri notendur í markaði.

Svar: Hluthafar, samfélagið, kaupendur. ✓ (2/3)

11. Í bókhaldi er talað um þrjá kostnaðarliði; breytilegan kostnað, fastan kostnað og blandaðan kostnað. Hvaða kostnaði tilheyrir leiga?

Svar: Föstum kostnaði ✓



6,24

Matthildur Helga



1. Hvað fer í White Russian?

Svar: Romm, mjólk, síróp ✓ (1/3)

2. Hvaða lönd eru með landamæri að Sviss?

Svar: Austurríki, Tékkland ✓ (1/4)

3. Hvað heitir eini veitingastaðurinn á Íslandi með Michelin stjörnu?

Svar: Rok ✗

4. Hvað er Mágus með marga meðlimi?

Svar: 220 ✓ (næri)

5. Hvað missti Mark Zuckerberg mikið í dollurum eftir að Facebook og Instagram lágu niðri?

Svar: 60 milljón dollara ✗

6. Í hvaða mánuði eru flest börn fædd?

Svar: Ágúst ✓

7. Hvaða dag var öllum Covid takmörkunum aflétt árið 2021?

Svar: 24. júní ✓ (næri)

8. Fyrir hvað stendur GAAP?

Svar: Gross accounting average price ✓ (1/4)

9. Hvernig er útvíkkaða bókhaldsjafnan?

Svar: Eignir = skuldir - eigið fé ✓ (2/6)

10. Nefndu 3 ytri notendur í markaði.

Svar: Samkeppnisaðilar, viðskiptavinir, hluthafar ✓ (2/3)

11. Í bókhaldi er talað um þrjá kostnaðarliði; breytilegan kostnað, fastan kostnað og blandaðan kostnað. Hvaða kostnaði tilheyrir leiga?

Svar: Föstum kostnaði ✓



MARKAÐSRÁÐ

5,28

Rétt svör:

- Vodka, kaffillikjör og rjómi eða mjólk
- Þýskaland, Frakkland, Ítalía, Austurríki
- Dill
- Markaðsráð er með 220 meðlimi og Mágus er með 200 meðlimi (á þeim tíma sem greinin var skrifuð)
- 7 billjónir
- Ágúst
25. júní
- Generally accepted accounting principles
- Eignir = skuldir + framlag eigenda - úttekt eigenda + tekjur - gjöld
- Lánadrottinnar, skatturinn, viðskiptavinir, hluthafar, fjárfestar, FME og verkalýðsfélag
- Föstum kostnaði

Mágus vs. Anima

Nú þreytir formaður Mágusar, Magnús Daði Eyjólfsson, spurningakeppni við Ragnhildi Kötlu Jónsdóttur, formann Animu, nemendafélags sálfræðinga. Spurningarnar skiptast í 8 almennar spurningar. Annar hluti spurninganna snýst síðan um sálfræði og viðskiptafræði, þar sem formaður Mágusar svarar 7 spurningum úr sálfræði og formaður Animu svarar 7 spurningum úr viðskiptafræði. Hver býr yfir viðtækari þekkingu? Hver getur unnið andstæðinginn í sinni eigin sérþekkingu?

Magnús Daði Eyjólfsson



1. Hvenær var nemendafélagið Anima stofnað?

Svar: 1992 ✓ (næri)

2. Hvað er dýrasta flöskuborðið á B5?

Svar: 750.000kr ✓ (næri)

3. Hvað er í Long Island Iced Tea drykknum?

Svar: Ice tea, appelsínusafi, tekila, vodka, romm, gin. ✓ (4/8)

4. Hvað er hæsta stíg sem þú getur fengið með 3 pílum í pílukasti?

Svar: 180 ✓ (næri)

5. Hvað eru margir nemendur í grunnnámi sálfræði?

Svar: 700 ✓ (næri)

6. Hvaða ár kom Nocco til Íslands?

Svar: 2013 ✗

7. Hvað stendur Th. fyrir í nafninu hans Guðna Th. Jóhannesson?

Svar: Thorlacius ✓

8. Hver er meðalgreind Íslendinga?

Svar: 92 ✗

9. Að hvaða fjölskyldumeðlim snerist kynhvöt Sigmund Freuds?

Svar: Mómmu sinni ✓

10. Hvort framleiðir heilinn þinn dópamín eða serotonín eftir langan dag af hreyfingu, hugleiðslu og göngutúr í náttúrunni?

Svar: Serotónín ✓

11. Hvaða dýrum gerði Pavlov sínu frægu tilraunir á?

Svar: Lambi ✗

12. Hvað er grunnþrepíð í þarfarpýramída Maslows?

Svar: ást, umhyggja, athygli, peningar ✗

13. Hvaða ár var fyrsta sálfræði rannsóknarstofa stofnuð? (+/-10 ár skekkjumörk)

Svar: 1405 ✗

14. Hvað stendur félagið APA fyrir?

Svar: American psychology ✓ (2/3)

15. Úthverfa, taugaveiklun, opin/nn fyrir reynslu, samvissusemi, viðkunnanleiki, árasagirni. Eitt af þessum persónuleikaeinkennum er ekki partur af "Stóru 5 persónuleikaeinkennum". Hvað er það?

Svar: Árasagirni ✓



9,16

Rétt svör fyrir Magnús:

1. 1982
2. 750.000kr.
3. Vodka, hvítt romm, tekila, triple-sec, gin, sitrónusafi, siróp, coca-cola
4. 180 stig
5. 745 nemendur
6. 2016
7. Thorlacius
8. 100 IQ stig
9. Mómmu sinni
10. Serotónín
11. Hundum
12. Lífeðlislegar þarfir
13. 1875
14. American Psychology Association
15. Árasagirni

Ragnhildi Katla Jónsdóttir



1. Hvenær var nemendafélagið Mágus stofnað?

Svar: 1978 ✗

2. Hvað er dýrasta flöskuborðið á B5?

Svar: 210.000kr. ✗

3. Hvað er í Long Island Iced Tea drykknum?

Svar: Bacardi, peach líkjör, vodka, tekila, sódavatn ✓ (3/8)

4. Hvað er hæsta stíg sem þú getur fengið með 3 pílum í pílukasti?

Svar: 60 stig ✗

5. Hvað eru margir nemendur í viðskiptafræði í heild?

Svar: 700 ✗

6. Hvaða ár kom Nocco til Íslands?

Svar: 2015 ✓

7. Hvað stendur Th. fyrir í nafninu hans Guðna Th. Jóhannesson

Svar: Thorlacius ✓

8. Hver er meðalgreind Íslendinga?

Svar: 102 ✓

9. Hvað stendur GATT fyrir?

Svar: General attribution tax tribute ✓ (1/4)

10. Hver er tilgangur auglýsinga?

Svar: auka sölu, auka meðlimi, auka vissa hagsmuni fyrirtæki. ✓

11. Hvað stendur GDP fyrir?

Svar: great desktop picture ✗

12. Hvaða markaðsstrúktúr tilheyrir fyrirtækið Olís? Fákeppni, samkeppni, einokunarsamkeppni eða fullkominni samkeppni?

Svar: samkeppni ✗

13. Neyslu- og lífstílsrannsóknir Gallup skipta fólki í fimm líta-hópa, hvaða litir eru það?

Svar: blár, bleikur, gulur, grænn, fjólublár ✓ (4/5)

14. Hver er bókhaldsjafnan?

Svar: ✗

15. Hvernig segir maður heildun og diffrun á ensku?

Svar: ✗



5,42

Rétt svör fyrir Ragnhildi:

1. 1946
2. 750.000kr
3. Vodka, hvítt romm, tekila, triple-sec, gin, sitrónusafi, siróp, coca-cola
4. 180 stig
5. 1.281 nemandi
6. 2016
7. Thorlacius
8. 100 IQ stig
9. General Agreement of Trades and Tariffs
10. Upplýsa, sannfæra eða minna á, auka hagnað fyrirtækis.
11. Gross domestic product
12. Fákeppni
13. Blár, grænn, fjólublár, bleikur og grár
14. Eignir = skuldir + eigið fé
15. Derivative og Integral

Félagsslíf Mágusar





Somersby Sumarpartý

Eftir stanlausa fjarkennslu og próftímabil voru mágusingar einfaldlega þyrstir í djamm og þökk sé árangri bólusetninga, sveigjanlegra fjöldatakmarkana og góða veðursins ákvað stjórn Mágusar að halda vel verðskuldað sumarpartý.

Veislan var haldin í vallahúsi Gróttu, 11. Júní 2021 í sal skreyttum silfri, gulli, rauðum plastglösum, beerpong borðum og blöðrum í öllum helstu sumarlitum.

Drykkjarbirgðir voru eitt af því sem vantaði alls ekki upp á og þökk sé Ölgerðinni voru Mágusingar með þeim fyrstu til að smakka glænýju drykkina frá Somersby í bragðtegundinni "Sparkling Rosé", sem bætti svo sannarlega upp á sumarstemninguna.

Mágusarhjólið var í fullum snúningi, "Guajira Guantanamera" var í botni, fólkið flæddi inn og á einhverjum tímapunkti var stemningin orðin svo rosaleg að Patrekur Jaime, Bassi Maraj og Klíkan þeirra mættu til þess að sjá hvernig viðskiptafræðinemar djamma.

Klukkan 2 að morgni til þurfti Gróttu að loka og Mágusingar héldu sáttir út í sumarsólina, annað hvort í leit að eftirpartýum í meiri drykkju eða heim undir sæng, hvort sem það var dæmum við ekki!



Nýnemaferðin

Spenntir og kannski smá stressaðir nýnemar héldu upp í Háskólabíó þar sem stuttleg kynning var á viðskiptanáminu áður en stjórn Mágusar mætti á staðin og átti að taka við fjörunu. Gamla stjórnin tók vel á móti komandi Mágusingum þar sem nýja stjórnin var öll í sóttkvi eftir að hafa skemmt sér vel á Tenerife.

Óvissuferðin mikla byrjaði þegar öllum nýnemum var skipt niður í tvær rútur sem voru báðar stútfullar af endalausum áfengi. Lagt var af stað og var mis góð stemningin í rútnum, önnur rútan vissi svo sannarlega hvernig átti að halda uppi gamaninu þar sem það var hátalari og spurningakeppni en í hinni rútnunni ríkti ekki eins mikill fögnuður. Í báðum rútnum fengu allir bönd með mismunandi litum sem raðaði fólki niður á borð sem maður átti að setjast á þegar komið var á áfangastað, þetta var góð leið til að kynna nýjum samnemendum.

Förinni var heitið á Stokkseyri þar sem þessi óendanlegi lager af Gull bjór og fleira áfengi beið eftir nýjum mágusingum. Nemendur settust niður á borðin sín og blönduðu geði á meðan það var beið eftir ljúffengum Dominos pizzum. Eftir matinn var keppt á milli borða í ýmsum leikjum eins og pubquiz og nokkrum óþægilegum leikjum eins og blöðruleiknum, þar sem fólk átti að sprengja blöðru í mismunandi kynlífsstillingum. Eftir leikina fóru allir að kynna fólk, adda fólk á snapp og henda í eitt follow á Insta. Það voru margir sem hentu sér út á dansgólfið enda allir í fíling.

Enginn hélt heim án þess að vera búinn að skrá sig í Mágus, enda fólk spennt að taka þátt í meira djammi, kynna fleiri vinum og eiga frábært komandi skólaár.




Haustpartý Mágusar

Á fögru föstudagskvöldi, 17. september, heyrðist hátt í Seltjarnanesinu. Haustið var í loftinu og Mágusingar voru enn að venjast því að skólaönnin sé byrjuð. Til að fagna þessari drungalegri árstíð var haldið sannkallað haustpartý, enda á maður það nú alveg skilið eftir tæplega þrjár vikur af "stanslausu" námi, ekki satt?

Veislan var haldin á efstu hæð á Austurströnd 3, í sal skreyttum ýmsum fallegum haustlitum frá Rent-A-Party. Stór og tignarlegur gluggi veitti útsýni yfir hafið, en hann opnaðist einnig skuggalega langt svo að það var hægt var að fara út á þakið, sem margir Mágusingar reyndu. Engar áhyggjur, enginn slasaðist því Magnús formaðu stoppaði af allar þannig tilraunir samstundis.

Beerpongið var í gangi, mágusarhjólíð var að sjálfsögðu að sinna sínu starfi og "Í larí lei" var að koma stemningunni í hæsta gir (já, það lag er ennþá málið). Tekílaskotin voru hella hvert á eftir öðru og nýnemarnir fóru að kynna þvi hvernig Mágusingar gera hlutina.

Klósettin á staðnum höfðu séð betri daga, en hægt er að orða það á þann fallegan hátt að líklegast var einhver magapest í gangi. Stigagangurinn fékk einnig að finna fyrir því þar sem einhver ónefndur einstaklingur skilaði öllum kvöldmatnum sínum beint á teppalagt gólfíð. Það var eins gott fyrir þann einstakling að engin rukkun fyrir þrif var sent á Mágus. Áfram gakk!



Opnun heimabarsins

Kvöldið byrjaði á því að Mágusingar hittust á Minigarðinum til að slá í nokkrar kúlur. Eftir margar holur voru Mágusingar orðnir frekar hungraðir og skelltu í sig nokkrum pítusneiðum frá Dominos áður en haldið var í rútuna. Í rútunni var sungið og drukkið alla leiðina að nýja heimabarnum, Bankastræti Club.

Þegar Mágusingar voru rétt ókominir stoppaði rútan og allir hlupu út og beint undir strætóskýli þar sem rigningin var ekki lítil þetta kvöld. Mágusingar töluðu í sig kjark til að byrja að hlaupa í rigningunni að nýja heimabarnum á meðan þeir biðu eftir að barinn myndi opna. Þegar loksins var komið inn á heimabarninn fóru allir beint á barinn til að panta sér glænýja, sturlaða 3 fyrir 1 tilboðið á öllum kokteilum. Mágusingar dónsuðu inn í nóttina með bros á vör og þrjá drykki í hendi.



ÍSLENSKT

gjörir svo vel



Vísindaferðir

Vísindaferðir eru mikilvægur partur af félagslífi Mágusinga. Á vísindaferðum er farið í fyrirtæki eða stofnanir þar sem fengið er hægt er að fá gott innsýn inn í starfsemi þeirra, spjalla við starfsmenn þar og vikka tengslanetið sitt enn frekar. Síðan er þetta líka góð leið til þess að drekka frítt áfengi að sjálfsögðu, fer allt eftir því hvernig maður lítur á það... Hér að neðan segjum við frá öllum helstu vísindaferðum ársins sem Mágusingar fóru í.

Viðreisn

Eftir tvær viðburðalitlar vikur hófu nýbakaðir Mágusingar skólaárið með vísindaferð til Viðreisnar. Slegist var um pláss í ferðina, en hún fylltist á aðeins þremur sekúndum! Sumir byrjuðu töluvert fyrr en aðrir með brjáluðu fyrirpartýi í Stúdentakjallaranum (fjórir mættu) þar sem hitað var upp fyrir ferðina.

Salurinn hjá Viðreisn var til fyrirmyndar og nóg var af drykkjum og mat handa þyrstum og svöngum Mágusingum. Hann Daði Már hélt uppi stuðinu með frábærri kynningu og enn betri bröndurum á meðan Mágusingar fylgdust spenntir með. Á meðan kynningunni stóð gekk sötölvaður ónefndur Mágusingur um með tvær vínbeljur í fanginu, óumbeðinn, hellandi í glös þeirra sem þyrstir voru.

Vinstri Grænir

Kosningar lágu fyrir næstu vikuna þannig að sjálfsögðu lágu allir okkar vegir í kosningaskrifstofur. Næsta stopp var skrifstofa Vinstri grænna á Laugavegi þar sem Guðmundur og félagar tóku vel á móti okkur með volgum bjór og límmiðum.

Eftir 40 mínútna ræðu tóku við lýðræðislegar umræður við flokksmenn um mikilvæg málefni eins og flugvöllurinn í Vatnsmýri og skortur á Ísbjörnum í Húsdýragarðinum.

Engar veitingar voru bornar fram en nóg var af drykkjarföngum og límmiðum handa kenndum mágusingum.

Sjálfstæðisflokkurinn

Daginn eftir rólega vísindaferð til Vinstri Grænna var förinni heitið til Hafnarfjarðar þar sem enginn Mágusingur var rólegur. Sjálfstæðisflokkurinn tók á móti okkur í ótrúlega flottum veislusal á sjöundu hæð við sjávarsíðuna þar sem nóg var af ísköldu öli fyrir þá allra þyrstustu.

Vísindaferðin til Sjálfstæðisflokksins var frábrugðin þeim hjá hinum stjórnsmálaflokkunum þar sem lítið var um muldur í þessari ferð og aðeins var étið og drukkíð. Guðlaugur Þór og Áslaug Arna fluttu stuttar ræður fyrir okkur Mágusingana, en annars gengu nokkrir sjálfstæðismenn um gólfið og blönduðu geði við okkur Mágusinga.

Eftir vísindaferðina fóru vel kenndir Mágusingar af sjálfsögðu beint niður í miðbæ og sumir á Paloma...



Hvíta húsið

Förinni í Hvíta húsið var ekki heitið til Washington D.C., heldur í Brautarholtið í auglýsingastofuna. Mágusinga beið stórglæsileg setustofa með pool-borðum og eldhúsi fullu af ýmsum drykkjarvörum. Starfsmenn Hvíta hússins fóru fram með æðislega kynningu sem tók Mágusinga í gegnum sögu og verkefni fyrirtækisins. Eftir kynninguna fóru Mágusingar að drekka enn frekar og blanda geði við starfsfólk fyrirtækisins áður en haldið var niður á Bankastrætið til að banka í strætið.

Sviðsráð félagsvísindasviðs

Vísindaferðin til sviðsráðs félagsvísindasviðs fór fram með dálítið óhefðbundnum hætti. Mágusingar leituðu og leituðu að sviðsráðinu innan háskólagarðanna, en loks runnu þeir á lyktina af volgum Miller bjór. Kynningin var örlítið pólitísk, en stelpurnar útskýrðu fyrir okkur í smáatriðum hvernig starfsemi sviðsráðsins fer fram. Eftir að kynningunni lauk var farið í Bingó þar sem allir skemmtu sér konunglega saman.

Losti

Mikill spenningur var í hópnum þegar mágusingar mættu í Losta á Borgartúni. Mikið var að skoða í hillunum sem kveikti losta í ungum námsmönnum. Eftir stutta og góða kynningu fengu mágusingar að versla inn og prófa dónaleg spil, sem kætti mannskapinn verulega. Highlight kvöldsins var þegar allir fengu að prófa deyfandi sprengi sem deyfir hálsinn fyrir allskyns svefnherbergis fimleika. Einnig var stór kynlífsróla sem prýddi mitt gólfíð og tóku margir það á sig að spreya sig á henni.



Deloitte

Níundu? Tíundu? Nei, vísindaferðin til Deloitte var á elleftu hæð turnsins á Smáratorgi. Liðsmenn deloitte þekka greinilega vel til Mágusinga þar sem bjór, vín og hamborgarar mættu þyrstum og svöngum Mágusingum. Allt var til fyrirmyndar hjá deloitte kynningin á starfsemi fyrirtækisins var hnitmiðuð og skemmtileg. Mágusingar voru þó ekki einir hjá deloitte þetta kvöldið þar sem Markaðsráð Háskólans í Reykjavík tróð sér inn í ferðina með okkur.

Mikið var um ölvun þetta kvöldið og illa gekk að sópa liðinu út eftir að tíminn var liðinn. Eftir að deloitte-menn náðu loks að henda öllum út, þá gengu Mágusingar yfir í Smáralindina og fengu sér í gogginn áður en haldið var á Bankastræti Club á mála bæinn rauðan.

Grid

Hugbúnaðarfyrirtækið Grid bauð Mágusingum í bjór og spjall á 6. hæð í Katrínartúninu. Þau ræddu við Mágusinga um appið Grid, sem þeir lýsa sjálfir sem "If a spreadsheet and a text doc had a beautiful baby, that's GRID", sem í stuttu máli umbreytir gögnum frá Excel eða Sheets yfir í gagnvirk gröf, rit og ýmsa grafík til að lesa gögnin á einfaldari hátt. Eftir frábæra kynningu héldu Mágusingar glörlungraðir í pitstop á Mathöll Hlemm þar sem étið var og drukkið. Eftir veisluna var að sjálfsögðu haldið á heimavöll Mágusinga... Bankastræti Club.



Skíðaferð Mágusar

Á köldum en björtum febrúar morgni á malarplani Háskóla Íslands söfnuðust saman 40 Mágusingar og tveir viðbótar flækningar til að halda af stað í stærstu og skemmtilegustu ferð ársins; skíðaferð Mágusar. Rútan mætti klukkan 11:30 og Guðni bílstjóri hlóð hana stútfulla af drykkjarvörum, snjóbrettum, skíðum, töskum og að sjálfsgöðu Rebba okkar kæra. Eftir að manntal var tekið og Víking Gull var settur í hendi á hverjum einasta Mágusing mátti ferðin fornlega hefjast.

Guðni rútabílstjóri bjóst örugglega við rólegri ferð með fullorðnum háskólakrökkum sem myndu líklegast bara sofa alla leiðina en nei, það var rangt hjá honum. Mjög, mjög rangt. Um leið og hann heyrði Soundboksið frá Rent-A-Party fara af stað með "Vamos a la playa" í hæsta styrk vissi hann að þetta yrði mjög langur dagur fyrir hann.

Þannig hófst ferðin á Akureyri, áfangastað Mágusinga, og þeir voru nú ekki lengi að biðja um fyrsta pissustoppið. Stoppað var á N1 í Borgarnesi, þar sem fjölskyldur og ferðamenn þurftu að horfa upp á 42 fullorðna einstaklinga ryðjast inn á klósett í algjörum spreng til að losa við sig og hanga síðan frammi í búðinni með látum. Mágusingar héngu þar inni í góðar 30 mínútur þangað til þau föttuðu loks að bílstjórnin væri týndur. Hann var hvorki í rútunni, né inná klósetti eða inni í versluninni. Sá var líklegast búinn að bilast á okkur. Hálf tíma síðar kom hann þó og opnaði rútuna fyrir Mágusingunum.

Næsta stopp var Staðarskáli, þar sem pissað var og stútað nokkrum Víking Gull í trekt. Eftir það var ferðinni haldið á Blönduós í sívinsæla fyrirtækið Vilko þar sem vísindaferð beið Mágusinga. Framkvæmdastjóri og gæðastjóri Vilko töluðu stuttlega við Mágusinga um fyrirtækið og buðu þeim svo upp á veitingar og drykki, auk þess máttu Mágusingar taka með sér eins marga kryddbauka og vöffludeigspakka og þeir vildu, algjör veisla.



Birgitta skemmtanastýra kallaði síðan alla aftur inn í rútu og ferðin hélt áfram. Tekið var eitt pissustopp í viðbót í Varmahlíð og eftir tæplega 7 tíma ferð í skemmtistað á hjólum komust bugaðir Mágusingar loks á Akureyri.

Sótt var Dominos pizzur fyrir svanga liðið og síðan var affermt rútna á Akureyri Backpackers, sem var gististaður Mágusinga næstu tvær nætur. Borðað var pizzurnar og annað hvort hvílt sig eða hellt meira í sig og síðan var haldið á Vamos, þar sem Mágusingar áttu staðinn opinn bara fyrir sig til klukkan 10. Þar hoppaði Stefán Kári inn í dj-booth og spilaði lögin hans Páls Óskars í bland við önnur skrytín teknó-lög þar til almenningur mátti koma inn á staðinn. Eftir það ákvað hópurinn að fara á Götubarinn til að setjast niður, blanda geði og kynnst betur. Nóttin endaði snemma, enda allir Mágusingar bugaðir og þreyttir, svo það voru flestir búnir að staulast aftur upp í kojurnar sínar á Akureyri Backpackers fyrir klukkan 2.



Á næsta degi var haldið upp í Hlíðarfjall. Myglaðir og þunnir Mágusingar fengu að velja hvort þeir færu klukkan 10 eða klukkan 12. Þeir sem minnst þunnir voru komu sér upp í rútu kl. 10, æstir í að skíða. Veðrið gæti ekki hafa verið betra í fjallinu þann dag þar sem sólin skein, vindurinn lét ekki sjá sig og auk þess opnaði ný stólaýfta sem tók skíðafólkið efst upp fjallið. Skíðahæfni Mágusinga var mismunandi, en einn Mágusingurinn lenti illa á bakinu og varð því rúmliggjandi það sem eftir var af deginum.

Eftir skíðaferðina tók rútan alla í vel verðskuldað sund, síðan var farið aftur upp á farfuglaheimilið til að pre-drinka og gera sig til fyrir kvöldmat. Farið var á Greifann, þar sem glæsilegur veislusalur beið svanga, þéttkennda og kalda Mágusinga (labbitúrin að Greifanum í kuldunum var ekkert grín). Þar var pantað mat og drykki og á meðan var formúlerað söðalegan ratleik. Danival var meðal fyrstu til að framkvæma mönun úr þeim ratleik þar sem hann hömpaðist á stól fyrir framan allan veitingastaðinn. Sumir voru aðeins betur ölvandi á því en aðrir og ónefndur aðili meðal Mágusinga pantaði tekíla skot handa öllum á sínu borði, mat og áfengi fyrir sig og lét sig síðan hverfa án þess að borga.

Eftir matin var haldið aftur út í kuldann og inn í herbergi til að bæta ofan á áfengisneysluna í kojufylleríum þar sem helmingur Mágusinga breyttu einu kjuherberginu í hálfgerðan skemmtistað. Hinn áður nefndi dine-and-dash sökudólgur var á endanum fundinn sofandi hálfa leið út af kojinni sinni í öllum fötunum.

Eftir þetta fyrirpartý á hostelinu var aftur haldið út í bæjarlífið. Byrjað var á Götubarnum, þar sem Logi nýnemafultrúi hoppaði á píanóið sem staðsett var í miðjunni á barnum og spilaði byrjunina á "Bohemian Rhapsody". Allur staðurinn söng með en Logi ofmat því miður hæfileika sína á píanóinu þar sem hann kunni bara fyrstu nóturnar. Smá vandræðalegt. Mágusingurinn sem meiddi sig illa í brekkunni var kominn aftur á stjá og var fundinn á reykingarsvæðinu, greinilega í betra ástandi.

Mágusingar fóru síðan allir sem einn á loftlausu og heita Vamos í ekta B5 stemningu þar til staðnum var lokað. Þar var úlpunni hans Magnúasar formanns stolið en fyrir einhverri ástæðu skildi þjófurinn eftir lykklana að hótelinu, kannski var hann ekki svo slæmur eftir allt saman.

Eftir djammið voru Mágusingarnir frekar svangir í leit af einhverju



ætu, leitað var hátt og lágt þangað til loks var fundið Kurdo Kebab, þar sem eitthvað helblekað lið söng "Ormar er maðurinn" aftur og aftur þangað til það var orðið virkilega þreytt. Þessi umtalaði Ormar, hver sem það er, má gefa sig fram og afsaka þessi ónæði. Eftir shawarma og franskar fóru Mágusingar í eigin áttir, sumir fóru í eftirpartý með ókunnugum Akureyringum, sumir héldu partýinu gangandi í herbergjunum en sumir fóru alveg dauðþreyttir að sofa.

Næsta dag risu Mágusingarnir pappírþunnir og í molum til að þrifa herbergin sín, pakka dótinu sínu og halda út í morgunmat áður en rútan kom og sótti allan mannfjöldann. Tekið var loka manntal áður en Mágusingar kvöddu gersemina sem Akureyri er og loks var haldið heim á leið, með fiðring í maga fyrir næstu skíðaferð Mágusar.

Folkmót

Pann fallega en léttskýjaða sumardag 8. júlí, hélt Mágus upp á sínu árlegu, æsispennandi frísbíggfólkeppni sem allir Mágusingar höfðu beðið eftir með mikilli eftirvæntingu. Spilað var á Klambratúni og það vantaði alls ekki upp á mætinguna.

Leikmönnum var raðað í nokkur holl og áður en keppnin hófst formlega fengu svangir Mágusingar sér pizzur í boði Dominos sem þeir skuluðu niður með ísköldum Gull, ó já!

Spennan var þung í loftinu þegar fyrsta kastið átti sér stað og keppnin byrjaði með látum og hver og einn Mágusingur fór að safna sínum stigum. Sumir hittu ofaní körfuna með stæl en aðrir kenndu vindinum um misheppnuðu aðferðir sínar.

Meðan leikmenn voru einbeittir að keppninni labbaði Birgitta skemmtanastýra milli holla með pizzur, ískalda drykki og góða skapið, svo að enginn sé að kasta svangur, edrú eða fúll.

Eftir viðburðarmikinn klukkutíma fóru Mágusingar að klára niundu og seinustu "holuna" sína. Allir söfnuðust saman í Gull og pizzu meðan stigin voru talin saman.

Þegar stigatalningu var lokið, tilkynnti Magnús formaður að keppnin skuli enda á hnífjöfnum, þriggja manna bráðabana þar sem Viktor Ernir, Óli og Guðjón Gunnar, fyrrum formaður Mágusar, keppta um fyrsta sætið. Leikmenn og áhorfendur voru að missa sig úr spennu og sumir byrjuðu að veðja pening á sigurvegarann, enda er um fyrirmyndar frísbíggfól leikmenn að ræða.

Eftir fyrsta bráðabanann datt Viktor því miður út, en Óli og Guðjón sátu eftir, æstir í fyrsta sætið. Annar bráðabaninn skilaði öðru jafntefli, og þegar þriðji og síðasti bráðabaninn skall á var þetta do or die, make it or break it, sigurvegari eða fyluferð heim. Guðjón átti fyrsta kastið og hitti vel nálægt körfunni, Óli fylgdi fast á eftir og hitti enn nær. Í næsta kasti ætlaði Guðjón sér að negla diskinum beint ofan í körfuna en misreiknaði kastið, sem gaf Óla tækifæri til þess að hitta, sem hann heldur betur nýtt!

Óli tók sigrinum fagnandi og nældi sér í konunglega vinninga; rútu af Gull, diska í boði Frísbíggfólubúðarinnar og drykkjarkort Mágusar. Gott er að minnast á það að enginn var nógu heppinn til að hitta í körfuna í einu kasti, það var nefnilega rúta af Gull í boði fyrir þau verðlaun. Kannski næst.

Keppendur fóru síðan sáttir með sinn árangur á næsta opna bar til að halda stemningunni gangandi restina af kvöldinu.



Badmintonmót

Þann 6. október hélt Íþróttanefnd Mágusar sitt árlega badmintonmót í TBR salnum í Laugardal. Liðin voru 10 og öll klædd fáránlegum búningum þar sem keppnin snerist ekki einungis um badminton heldur líka um besta búninginn.

Riðlakeppnin hófst formlega klukkan 21:30 þar sem liðin kepptu sín á milli til að tryggja sér sæti í undanúrslitum. Badminton hæfileikar keppendanna komu úr mörgum áttum, allt frá nýgræðlingum yfir í fyrrum landsliðsmenn.

Eftir undanúrslitin stóðu tvö lið eftir í úrslitaleiknum um fyrsta sætið þar sem Guðjón Smári og Viktor Ernir (klæddir í LGBTQ+ Hawaii þemu) mættu Hlyni Einarssyni og Magnúsi Daða Eyjólfssyni (klæddum KM treyjum). Þar sem Hlynur (Íþróttanefndarstjóri) og Magnús (formaður Mágusar) eru báðir fyrrum landsliðsmenn í badminton, var niðurstaða keppinnar enginn shocker. Hlynur og Magnús tryggðu sér fyrsta sætið þægilega þar sem þeir nýttu sér þann mikla getumun milli liða. Hlynur kom engum á óvart þar sem hann kom, sá og sigraði í sinni eigin keppni.



Verðlaunin voru hins vegar ekki af verri endanum gott fólk, fyrir fyrsta sæti hlutu Magnús og Hlynur 2 rútur af Egils Gull (ekkert bull), Flyover Iceland gjafabréf og gjafabréf í Keiluhöllina. Guðjón og Viktor fóru ekki svekktir heim þar sem verðlaun fyrir annað sætið voru ein rúta af Egils Gull og gæða kynlífstæki frá Blush. Fyrir þriðja sæti hlutu síðan þau nunnuklæddu Birgitta Guðmundsdóttir og Kristinn Jökull Kristinsson gjafabréf á Tokyo Sushi. Þvílík veisla!

En keppnin endar ekki hér kæri lesandi, því vegleg verðlaun voru einnig veitt fyrir best klædda liðið, en það voru gjafabréf á Italiano. Þessi verðlaun hlutu Ester Jóhannesdóttir og Sóley Mist Albertsdóttir, klæddar sem lögregluþjónar í ÍBV treyjum. Ekki láta þessar góma ykkur!

Allir gengu út sem sigurvegarar í lok dags þar sem allir skemmtu sér konunglega, bæði keppendur og áhorfendur.

Sjáumst hress að ári liðnu á næsta badmintonmóti Mágusar!



Árshátíðarviðtöl

Sigríður María Hilmarsdóttir



Ætluðu að mæta á árshátíðina?

Auðvitað! Maður verður að fagna faraldurs lokum með stíl!

Hvað ætlar þú að drekka?

Einn til tíu vel valda kalda.

Hvernig ætlar þú að byrja árshátíðardaginn þinn?

Fara á fætur og fá mér góða skál af cheerios.

Uppáhalds djamm lagið þitt?

"Djamm í kvöld" - Steindi jr.

Uppáhalds drykkjuleikurinn þinn?

Án efa Kings cup!

Hvað verður outfit kvöldsins?

Hvítur samfestingur með páfuglum á.

Hvað er planið eftir árshátíðina?

Skella sér heim og sötra fleiri kalda yfir góðum tölvuleik út nóttina!

Hvað ertu að fara fá þér í þynnukumat?

Meat and cheese pönnupizza af Dominos með auka chilliflögum og oregano og eitt stykki afréttara :-)

Verður pre-drinkað?

Auðvitað, maður verður að vera komin í extra gott skap áður en partyið hefst.

Ætluðu að mæta á árshátíðina?

Auðvitað.

Hvað ætlar þú að drekka?

Prósentu.

Hvernig ætlar þú að byrja árshátíðardaginn þinn?

Vakna og fara í ræktina.

Uppáhalds djamm lagið þitt?

At the moment er það Pepas - Ferruko, en over all er það Boten Anna - Basshunter.

Uppáhalds drykkjuleikurinn þinn?

Jenga (sem er búið að skrifa á), Beerpong, Flip the cup, Horse race.

Hvað verður outfit kvöldsins?

Suit & Tie.

Hvað er planið eftir árshátíðina?

Dansa meira.

Verður pre-drinkað?

Væntanlega.

Hvað ertu að fara fá þér í þynnukumat?

Egg, beikon, brauð, mango og eitthvað meira fresh með bláan powerade on the side.

Lars Davíð Gunnarsson



Júlia Kristjánsdóttir



Ætluðu að mæta á árshátíðina?

Er þetta spurning?

Hvað ætlar þú að drekka?

Ekkert bull, bara Gull.

Hvernig ætlar þú að byrja árshátíðardaginn þinn?

Vakna, drekka, klæða mig, drekka ...

Uppáhalds djamm lagið þitt?

Djamm Queen eða Viltu Dick?

Uppáhalds drykkjuleikurinn þinn?

Man ekki hvað hann heitir en þetta er svona dans leikur sem við stelpurnar förum oft í. Mjög fun, mæli með.

Hvað verður outfit kvöldsins?

Óákveðið. Ætla allavega að vera flottust á svæðinu.

Hvað er planið eftir árshátíðina?

You tell me.

Hvað ertu að fara fá þér í þynnukumat?

Það sem verður til í ísskápnum.

Verður pre-drinkað?

OFC.

Ætluðu að mæta á árshátíðina?

Uuuuu jaaaa!!

Hvað ætlar þú að drekka?

Áfengi.

Hvernig ætlar þú að byrja árshátíðardaginn þinn?

Fá mér bjór.

Uppáhalds djamm lagið þitt?

Coming in hot Wuki remix!

Uppáhalds drykkjuleikurinn þinn?

Uuu man ekki hvað hann heitir.

Hvað verður outfit kvöldsins?

Hann verður fully suited!

Hvað er planið eftir árshátíðina?

Birgitta verður með raveparty, sendið henni dm.

Verður pre-drinkað?

Já, Jón Gylfi ætlar að bjóða mér upp á sitt finasta vín sem verður í iittala glasi.

Hvað ertu að fara fá þér í þynnukumat?

Piparostabrauðstangir með barnaise heimsent með fyrstu vél frá Greifanum.

Daniel Varmdal Hrafnsson



ÁRSHÁTÍÐ MÁGUSAR

Í boði BÍlamiðstöðvarinnar

FRAMKOMA

Páll Óskar

Daniil

Dj Óli Busy

STAÐSETNING

Bryggjan Steikhús

Grandagarður 8

Mágusarmerch





Módel:

Dagur Sævarsson
Una Guðný
Sylvía Ruth Jónsdóttir
Þórdís Sól
Eymar Jansen
Óliver Darrason

Ljósmyndari:

Birgir Einar Jónsson

Listræn uppsetning:

Jeremi Zyrek
Brynhildur Hermannsdóttir

Nemendur í skiptinámi

Emý Sara Björnsdóttir og Þóra Ólafsdóttir eru 23 ára namar á öðru ári í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Haustið 2021 fóru þær báðar í skiptinám til Grikklands við Athens University of Economics and Business og klára skiptinámið sumarið 2022. Ritnefndin heyrði í þeim og fékk að vita hvernig sú ákvörðun varð að raunveruleika, hvernig það er að búa við aðra menningu og hvernig skiptinámið er búið að fara í þær.



Hvers vegna ákváðu þið að fara í skiptinám?

Þóra: Ég hefði ekki farið í háskóla ef ég væri ekki að fara í skiptinám, það að fara í háskóla fyrir mig snerist meira um að fara í skiptinám. Ég vildi prófa læra annarstaðar en vildi ekki flytja alveg út og þurfa redda því öllu sjálf. Ég var varla að þæla í náminu, mig langaði bara að fara út og búa einhverstaðar annarstaðar og fá líka borgað fyrir það, það er alveg nice."

Emý: Mig langaði að fara í skiptinám þegar ég var í menntaskóla en ég vildi ekki vera eftir á í menntaskóla þannig að ég hætti við það, þannig að ég var búin að ákveða að í háskóla myndi ég annað hvort taka BSc. eða Masters gráðuna mína alveg úti.

Ég ákváð síðan að taka BSc. gráðuna bara heima og fara bara í skiptinám. Það er líka svo auðvelt að fara í skiptinám frá HÍ og þú færð styrk til að fara. Þá er ég búin að prófa að búa úti og veit hvernig það er að búa í landi sem er ekki með almennilegan vetur.

Ég veit líka til dæmis að ég vil ekki búa í Grikklandi, myndi búa einhverstaðar annarstaðar.

Hvers vegna varð Grikkland (Aþena) fyrir valinu?

Þóra: Við sóttum báðar um Lund í sitthvoru lagi og fengum báðar neitun á sama tíma þannig að við hittumst á Stúdentakjallaranum, eins og fólk gerir. Við fáum þá báðar tölvupóst um að við getum valið milli annara landa þannig að við skoðum þetta saman og hugsum að ef við getum ekki farið í norræna menningu þá hendum við okkur í eitthvað allt annað. Þá ákváðum við að fara bara saman því það er auðveldara að fara í svona allt öðruvísi menningu saman. Við vildum líka bara fara í sól.

Emý: Það var alveg hellingur af valmöguleikum en mjög lítið sem var í heilt ár og við vildum fara í heilt ár, ég nennti allavega ekki að fara í eina önn. Valið lá á milli Gautaborg, París og Aþenu. Fyrst ég fékk neitun í Svíþjóð vildi ég gera eitthvað allt annað, eitthvað smá klikkað. París, nei takk, Frakkar tala ekki ensku og ég hugsaði bara "Grikkland, hef aldrei farið þangað, why not".

Þóra: Emý kom mér á óvart sko, hún sagði "Eigum við að gera það?" og ég sagði "Vilt þú gera það?".

Emý: Ég fór strax að skoða Google Maps að skoða allt og bara tilbúin.



Hvernig var umsóknarferlið?

Emý: Ég held það fari soldið eftir því hvaða skóla þú ert að fara út í, en þau eru frábær á skrifstofunni heima, þau hjálpa rosa mikið og eru alltaf til staðar. Ferlið í sjálfu sér er ekki flókið, það eru ekki margir hlutir sem maður þarf að gera eitthvað sérstaklega en það tekur samt svo langan tíma.

Fyrst sækir maður um skóla og þú mátt velja þér tvo, ef þú færð neitun máttu velja annan. Við fengum til dæmis neitun í Lund í Svíþjóð og völdum þá Grikkland. Síðan er soldið löng bið þegar þau samþykkja úti og hérna heima og þá byrjar ferlið og þú þarft að skila inn einhverju hvern mánuð, málið er bara að þetta er svo langt. Þetta gæti samt verið bundið skólanum okkar að einhverju leyti, því skólinn okkar (í Grikklandi) er búinn í júlí, þannig þau byrja ekki að vinna í þessu fyrr en kannski júlí eða ágúst en heima eru þau farin í frí sem gerði það smá flókið. Grikkir eru soldið seinir að öllu.

Þóra: Þau eru líka með mjög góða útskýringu á ferlinu á netinu, ferlið tekur bara langan tíma sama hvað. En tökum samt inn í það að það var auðveldara að komast inn í þennan skóla, við fengum leyfi til að

koma tvær saman, áttum fyrst bara að vera eina önn en við vildum vera tvær og þau bara samþykktu það en að klára allt ferlið sem að skólinn á Íslandi þarf, öll þessi skjöl sem HÍ þarf, það er vesen. Skólinn hérna í Grikklandi tók oft alveg tvær til þrjár vikur að senda eitthvað því þau voru í frii en HÍ þurfti skjölin strax til þess að við gætum komist út.

Hvernig er námið og skólinn þarna úti? Er það allt á ensku?

Emý: Já, allt á ensku.

Þóra: Námið er alveg fínt, ekki að því leiti að ég sé að læra af því heldur það er gott að vera hérna sem skiptinemi. Það er mjög auðvelt að koma sér upp, það er allt á ensku.

Emý: HÍ er mjög góður skóli miðað við þennan, við sjáum mikinn mun. Það sem við lærum mest á því að vera hérna er að við tölum ensku allan daginn. Ég tala ensku í skólanum, geri ensk verkefni, ég held að ég læri mest á því. Svo er ég líka að kynnst fólki á hverjum einasta degi, við erum ennþá að kynnst nýju fólki. Ég er svo miklu öruggari í ensku núna.

Emý: Ég var búinn að tala við strák sem var í Masters gráðu skiptinámi hérna, hann var bara í eina önn. Hann sagði "Veistu, þetta er bara ekkert svakalegt, þú lærir bara fyrir prófin, tekur prófin, nærð þeim". Þeir lesa upp í tímum, held að það sé mesta sjokkið við námið. Í suma tíma verður maður að mæta. Svo erum við í mesta lagi 30 til 50 nemendur í flestöllum áföngum. Þeir bara labba líka um með míkrofón og spurja alla um svör, þau elska það að allir taka þátt.

Þóra: Þau vilja að allir taki þátt, verkefnin eru oft bara kynningar. Svo gleymist að segja að við erum í skólanum bara tvo daga í viku.

Emý: Það er líka frír morgunmat, hádegismatur og kvöldmat í skólanum.

Hvernig er félagslífið?

Emý: Það er bara HELLAD!

Þóra: Það er nóg af því. Það er félag sem heitir ESN í öllum löndum þar sem Erasmus er. Það sér til dæmis um það að allir fá sinn eigin "buddy". Eins og ég og Emý erum með sitthvoran "buddy" sem er svona okkar gríska manneskja sem við fengum áður en við fórum út. Minn buddy er til dæmis "forsetinn" af þeim öllum og hún sér um að skipuleggja með þeim ferðir, alveg bara stanslausar ferðir. Fyrst fórum við í Mykonos. Síðan eru líka partý, beerpong mót, út að borða, alltaf eitthvað planað. Síðan eru aðrir stórir vinahópar líka að halda partý og svo er maður með sinn eigin vinahóp líka að hittast. Það skipti í raun ekki máli hvaða dagur það var.

Emý: Það er til dæmis alltaf beerpong á mánudögum. Allar þessar ferðir eru líka frekar ódýrar. Það er alveg hellað að það sé svona eitthvað utanaðkomandi nemendafélag sem planar fyrir þig.

Þóra: Þetta er endalaust drykkja, bara í hverjum einasta viðburði þá er bara "main point" að drekka.

Hvernig er menningin í Grikklandi? Fenguð þið menningarsjokk?

Þóra: Emý fór í mikið menningarsjokk.

Emý: Við lentum hérna um kvöld ógeðslega þreyttar, tókum leigubíl frá flugvellinum í tímabundna Airbnb íbúð sem við bjuggum í. Á meðan við vorum að keyra hugsaði ég bara "Er ég að fara búa hérna?". Það var veggjakrot og svo skítugar götur, síðan komum við upp í íbúðina og ég hugsa bara að ég gæti ekki verið hérna í tíu mánuði.

Þóra: Ég var alveg von að ferðast á svona stað þannig að ég hafði alveg gaman að því. Sjokkið mitt kom eftir á þegar ég áttaði mig á því að ég væri að fara að búa hérna.

Emý: Grikkir á okkar aldri djamma frekar á virkum dögum heldur en um helgar. Grikkir borða líka rosalega mikið. Allir veitingastaðir eru bara fullir fram eftir kvöld.

Eru einhver ráð sem þið gætuð gefið fólki sem ætlar sér í skiptinám?

Emý: Vertu undirbúinn því að það sé bara ógeðslega mikið af fólki sem maður er að kynnst sem er svo sjúklega gaman. Svo mismunandi týpur sem maður myndi undir venjulegum kringumstæðum kannski ekki endilega tala við en maður er bara þarna saman. Allskonar persónuleikar, allskonar týpur og það tekur alveg á en er samt svo sjúklega gaman.



Langar þig í skiptinám?

Skiptinám í Háskóla Íslands er einstakt tækifæri fyrir nemendur til að stunda hluta af námi sínu við erlenda háskóla, auk þess veitir það alþjóðlega reynslu og skapar sérstöðu. Háskóli Íslands er í samstarfi við yfir 400 háskóla út um allan heim og skiptinámið er metið inn í námsferilinn, svo að dvölin úti hefur ekki áhrif á námstíma. En hvernig nákvæmlega virkar það?

Get ég farið í skiptinám?

- Ef þú ert nemi á grunnnámi getur þú farið í skiptinám eftir að hafa lokið fyrsta námsári, eða 60 ECTS einingum við Háskóla Íslands.
- Ef þú ert að hefja framhaldsnám (meistara- eða doktorsnám) getur þú farið í skiptinám strax á fyrsta misseri námsins. Í skiptinámi er gert ráð fyrir að nemendur séu í fullu námi, þ.e.a.s. 30 ECTS einingum á misseri.
- Þú velur námskeið í samráði við deild og samkvæmt reglum gestaskóla. Ætlast er til þess að nemendur taki námskeið í gestaskólanum sem tengjast námsleið nemenda í HÍ og sem hægt er að meta inn í námið við HÍ.
- Nemendur geta farið í skiptinám við samstarfsskóla Háskóla Íslands til Norðurlanda, Evrópu, Bandaríkjanna, Kanada, Suður-Ameríku, Asíu og Eyjálfa. Á vef HÍ er hægt að finna leitargrunn með samstarfsskólum þar sem hægt er að leita eftir landi, námsleiðum, námsstigum o.fl.

En eru einhver sérstök skilyrði?

- Ekki er heimilt að taka námskeið í skiptinámi sem er sambærilegt námskeiði sem þú hefur þegar lokið, eða munt ljúka við HÍ eftir skiptinámið.
- Meðaleinkun þín má ekki vera lægri en 6,0 þegar sótt er um í skiptinám í HÍ, hins vegar er hægt að sækja um undanþágu frá þessari reglu til Alþjóðasviðs. Ýmsir skólar úti geta síðan farið fram á hærri meðaleinkunn, það er hægt að sjá á vefsíðu þeirra.
- Hvort sem þú ferð í skiptinám í grunn- eða framhaldsnámi þarft þú að taka a.m.k. helming námsins við Háskóla Íslands og útskrifast þaðan.

Hvernig styrkir eru eiginlega í boði?

- Í skiptinámi eru skólagjöld við gestaskólann felld niður, þú greiðir aðeins árlegt skráningargjald við Háskóla Íslands.
- Ef þú sækir um skiptinám í gegnum Nordplus og Erasmus+ áætlanirnar er um leið sótt um ferða- og dvalarstyrk, nánar á vefsíðu þeirra.
- Skiptinám er láns hæft hjá Menntasjóði námsmanna.



Hvers vegna ætti ég að fara í skiptinám?

- Einingarnar þínar í skiptinámi eru metnar inn í nám við Háskóla Íslands.
- Skiptinámið veitir tækifæri til að vikka sjóndeildarhringinn, efla tengslanetið og skapa forskot á vinnumarkaði, auk þess hafa rannsóknir sýnt fram á það að vinnuveitendur séu að horfa í auknum mæli til alþjóðalegrar reynslu.
- Skiptinám býður upp á fjölbreyttara og sérhæfðara námsframboð þar sem nemendur geta oft valið námskeið sem eru ekki í boði við Háskóla Íslands.
- Skiptinám er einfaldari og ódýrari kostur en að fara í nám erlendis á eigin vegum, þar sem margir möguleikar á ferða- og dvalarstyrkjum eru í boði.

Sign me up! Hvernig sækji ég um?

- Þú sækir um skiptinám rafrænt á vefsíðu HÍ. Eftirfarandi gögn þarftu að hafa með í umsókninni:
 - Skannað námsferilsyfirlit yfir einkunnir með röðun (á ensku). Það fæst á þjónustuborði á Háskólatorgi.
 - Tungumálapróf, ef við á (sumir skólar krefjast þess).
- Almennur umsóknarfrestur er 1. febrúar ár hvert. Viðbótarfrestur fyrir laus pláss á vormisseri er síðan auglýstur sérstaklega í september ár hvert.
- Mælt er með því að mæta á kynningarfundum um skiptinám sem haldnir eru reglulega.
- Eftir að HÍ hefur tilnefnt nemandan í skiptinám við erlendan samstarfs-skóla þarf nemandi að sækja um beint í gestaskólann skv. leiðbeiningum frá viðkomandi skóla.

Ítarlegri upplýsingar er hægt að nálgast á vefsíðu skólans:

www.hi.is/skiptinam

Innlit í Háskólagarða

Guðjón Smári Smáráson er 24 ára viðskiptafræðinemi við Háskóla Íslands. Guðjón er ættaður frá Vestmannaeyjum en býr nú í notalegri íbúð í Háskólagörðum við Lindargötu. Íbúðin skiptist í baðherbergi, geymslu sem Guðjón notar sem skrifstofu, og stofu með eldhúsaðstöðu.

Ritnefndin kíkta í heimsókn til hans og Guðjón sagði aðeins frá því hvernig lífið í Háskólagörðum gengi fyrir sig.

Hvenær fluttir þú í Háskólagarða?

Ég flutti í Háskólagarða fyrstu önnina mína í viðskiptafræði, 2020. Ég byrjaði á Sæmundargötunni og flutti hingað á Lindargötuna í sumar, þetta er töluvert þægilegri og flottari íbúð. Það er líka geggjað að búa í miðbænum.

Hvernig er að búa í Háskólagörðum?

Mér finnst yndislegt að búa í Háskólagörðum því þetta gefur manni tækifæri á því að flytja út. Það er svona aðallega það sem ég tek upp úr þessu, að vera með space fyrir mig. Það eru forréttindi til dæmis að geta lært undir lokapróf í friði.

Hvernig byrjar þú alla morgna?

Ég byrja alla morgna á því að sofa yfir mig, helli upp á kaffi og fæ mér Euroshopper, opna ísskápinn og borða matinn sem ég pantaði eða eldaði daginn áður. Svo hoppa ég í tíma á netinu og fæ mér í vörina. Það er eitthvað sem ég geri á hverjum morgni.

Hverjir eru kostir og gallar við það að búa í Háskólagörðum?

Nú er ég sko sérfræðingur því ég hef búið á tveimur Háskólagörðum. Gallarnir eru ekkert eitthvað gríðarlegir, kostirnir eru þeir að maður fær að hafa sitt eigið space, sérstaklega þegar maður er orðinn 24 ára, þá er gaman að eiga sinn stað.

Að búa í miðbænum er mjög skemmtilegt, það er alveg skrítið fólk hérna. Maður fattar ekki þegar maður er búinn að búa í Vestmannaeyjum að það er alveg grillað fólk hérna í miðbænum. Lindargatan er nefnilega svona fifty fifty, hinum megin við götuna í Skuggahverfinu eru ríka fólk, svo hinum megin eru skrítna liðið og stúdentar.


Einn daginn var til dæmis einhver maður úti að öskra á konu með barnavagn að börnin hennar væru ógeðsleg á meðan hann labbaði í kringum hverfið öskrandi. Svo hugsaði ég: "Æj nú er hann farinn", ég var nefnilega með opinn glugga til þess að kíkja aðeins út, svo er hann allt í einu kominn aftur. Ég fýla þetta consistency hjá honum, hann var greinilega eitthvað að guðlast.

Síðan í síðustu helgi var ég að eiga náðarstund og heyri eitthvað skrítið hljóð úti svo ég kíkta út um gluggann, þá var maður á efstu hæð á móti mér búinn að setja bolinn sinn utan um hnúann á sér og var að kýla í hurðar. Þannig ég hugsaði með mér "Æji ég verð að hringja á lögregluna, þetta er nú ekki boðlegt.". Einmitt þegar ég ætla að hringja á lögguna þá kemur lögreglubíll inn á bílastæðið og maðurinn kemur út og segir "Já ég var ekki að gera neitt, ég var bara að koma frá vini mínum", þá kalla ég svona út "F-F-Fyrirgefðu, þetta var hann!". Mér leið eins og hetju!

Þannig að það er alveg steikt lið hérna í kring, sko. Alls ekki fólk sem býr hérna, heldur fólk sem býr ekki hérna, það er alveg steikt, en ég hef bara gaman að því.

Lýstu íbúðinni þinni.

Þú labbar inn og sérð hjörð af jökkum, úlpum og skóm. Síðan ef þú horfir beint til vinstri þá sérðu glæsilegt baðherbergi. Þetta er ekki jafn stórt baðherbergi og á Sæmundargötunni, því þar fékk ég baðherbergi sem var ætlað fötluðum, veit ekki alveg hvað það var en






Það var geggjað. Svo til hægri, þar er mesta snilldin við Lindargötu, ég er með mína eigin skrifstofu. Það er svo nice að geta lokað sig af þegar maður fer að læra í stað þess að læra fyrir framan sjónvarpið. Í gamla þleisinu var ég alltaf að læra við hliðina á rúminu og ég er svona gæji sem elskar að leggja sig. Þá var alltaf svo stutt í það að ég myndi leggjast upp í rúm og horfa á TikTok. Hér get ég lokað mig inni og skilið símann eftir frammi.

Síðan labbar maður hérna út ganginn og sér minnsta eldhús í heimi, hér eru tvær hellur, ein lítil og ein stór en sú litla er það lítil að það passa ekkert tveir hlutir þarna, maður getur bara notað eitt í einu. En ég er með minn eigin Airfryer sem ég fékk í afmælisgjöf. Svo er ég með hátalara hérna í eldhúsinu sem ég keypti í Elko. Ég notaði hann í einn dag, sama dag og Donda platan kom út, þá kom gæjinn niður af efri hæðinni og sagði; "Þetta gengur ekki", þannig að ég hef ekki þorað að nota hann síðan. Ég er síðan með örbylgjuofn sem ég hef aldrei notað.

Síðan er hérna svona stórt rými sem ég hef náð að gera að mínu eigin. Fyrst var þetta bara sófi, rúm og sjónvarp, en það gekk ekki alveg því það var þínu eins og eitthvað geðveikrahæli þannig að ég fór og keypti skáp, borð og stóla og gerði þetta smá kósý. Þetta var allt mjög ódýrt því ég fékk margt gefins eða í Ikea, ég fékk sófann til dæmis frá einhverjum gæja í Árbænum. Fékk líka þennann rifna stól með sem ég segist alltaf ætla lesa í en ég hef held ég bara aldrei sest í hann, hann er bara til að geyma óhrein fót. Svo er ég með lampa sem ég fékk líka gefins. Hann er clutch, ég held mikið upp á kósý. Maður má ekki gleyma því að hafa kósý.

Af hverju valdir þú viðskiptafræði?

Ég var mikið að velta því fyrir mér hvað ég ætlaði að mennta mig í en ástæðan fyrir því að ég valdi viðskiptafræði er af því ég hef mesta áhugann á því. Ég var algjör tossi í framhaldsskóla þannig að ég hugsaði að ég þarf að gera eitthvað sem ég hef áhuga á. Ég var á viðskiptafræðibraut í menntaskóla og var alltaf góður í excel og náði oft hagfræði án þess að þurfa læra eitthvað mikið fyrir það, þannig að



ég hugsaði; "Þá verð ég eiginlega að fara í það fyrst ég hef gaman að því". Svo finnst fólki ekkert töff þegar ég segi að ég sé í viðskiptafræði í HÍ. "Já ertu í háskóla? Já hvað ertu að læra?" svo segist maður vera í viðskiptafræði og þá fær maður svona "Ah, okei" til baka. "Þú ert bara að taka easy leiðina".

Ertu með einhverjar hugmyndir um áframhald eftir BSc. gráðuna?

Ég á að fara í markaðsfræði í lengra námi. Það hljómar líka betur, þannig að þegar ég segist vera í mastersnámi í markaðsfræði þá segir fólk; "Jáá, okei, jájá".

Jón Jósafat Björnsson

Jón Jósafat hefur verið í viðskiptum í um það bil 20 til 30 ár og hefur verið í Dale Carnegie í um það bil 10 ár og er þar framkvæmdastjóri. Hann hefur bæði unnið í auglýsinga- og prentiðnaðinum og lenti í þjálfunarbransanum fyrir tilviljun, þar sem hann ætlaði sér aðeins að stoppa í nokkra mánuði. Ritnefndin spjallaði aðeins við hann um starfsferilinn hans, þjálfunarbransann, Dale Carnegie og námskeiðin sem þau hafa upp á að bjóða.

Hvernig byrjaðir þú í þjálfunarbransanum?

Ég var búinn að vera viðskiptavinur Dale Carnegie úr mínu fyrsta starfi. Þá var ég framkvæmdastjóri í prentsmiðjunni Odda sem var þá stærsta prentsmiðjan á landinu, þar sem við vorum með 20 til 30 manns í sölu og þjónustu og við vorum búin að kaupa námskeið af Dale Carnegie í mörg ár. Samferða því ég með fyrsta hóp á námskeiðið og sá bara hversu ótrúlega öflug Dale eru. Það varð eiginlega til þess að ég fékk áhuga á þessu fyrirtæki. Síðan bara höguðu örlögin því þannig að ég kom í stutt verkefni til þeirra fyrir um áratug síðan, svo er þetta bara búið að vera mjög skemmtilegt.

Hvaða námi hefur þú lokið?

Ég hef lokið stúdentsprófi. Svo reyndar allskonar námskeið og öllu þessu prógrammi sem fylgir Dale. Ég er einn af þeim sem fór bara að vinna strax, byrjaði að vinna á Íslensku Auglýsingastofnunni 21 árs. Ég ætlaði nú alltaf í framhaldsnám en það var svo mikið að gera og svo mikið af spennandi verkefnum að ég mátti aldrei vera að því að fara í háskólanám. En ég er alltaf á leiðinni hins vegar, kannski á ég eftir að fara, það gæti vel verið.

Við hvað hefurðu starfað áður?

Ég er tiltölulega lengi á sama stað. Ætli ég hafi ekki verið 5 ár á auglýsingastofnunni og þaðan fór ég nánast beint upp í prentsmiðju Odda. Ég byrjaði þar á að búa til rekstrarvöru og skrifstofudeild sem heitir núna A4. Við stofnuðum vefsöluna Oddi Skrifstofuvörur og vorum við þeir fyrstu sem byrjuðu með catalog og vefsölu. Þegar ég var búinn að vera þar í nokkur ár tók ég svo við markaðs- og sölu starfi hjá allri prentsmiðjunni, þá var þetta orðið um 600 manna fyrirtæki. Síðan varð ég framkvæmdastjóri 2005 og var þar út áratuginn þangað til ég kom í Dale.

Hvernig myndir þú lýsa Dale Carnegie fyrir einhverjum sem hefur aldrei heyrt um það áður?

Við útskýrum þetta í mjög stuttu máli sem leið fyrir heilbriggt fólk til þess að ná meiri árangri. Svo eru náttúrulega prógrömmun bæði svo víðfeðmt og mörg fyrir mismunandi aldur og af því að þetta er náttúrulega í grunnin svona self development, þá þýðir þetta svo ofboðslega mismunandi fyrir hvern og einn. Ef þið talið við 10 manns sem hafa farið á námskeið þá muniði sennilega fá 10 mismunandi útgáfur af því hvað Dale er. En í grunnin er þetta soft skill fyrirtæki sem er að þjálfva þessa mjúku færni sem er almennt lítið kennt í grunn menntakerfinu í dag. Þar er verið að kenna á forrit og ákveðnar strategíur sem er bara gott og vel enn síðan er það auðvitað þannig að þeir sem ná líka tókum á þessari mjúku færni eru færir í samskiptum, geta komið fyrir sér orði, geta unnið undir álagi og geta unnið vel með öðrum. Þeir eru almennt líklegri til að ná árangri enn aðrir.

Fyrir hverja er Dale Carnegie?

Það má eiginlega skipta þessu í tvennt, annars vegar einstaklingar og hins vegar fyrirtæki. Svo má kannski skipta einstaklingum í yfir og undir 25 ára. Svárið er eiginlega eins og ég sagði áðan, þetta er fyrir heilbrigða einstaklinga sem vilja ná árangri. Af hverju segi ég heilbrigða? Það eru margir sem flokka okkur sem sjálfshjálparnámskeið



og við erum það alveg pottþétt í einhverjum skilningi. Það eru auðvitað margir á þessum markaði sem að teygja sig töluvert langt í að "lækna fólk" en við erum hins vegar ekki í því. Við erum í engri samkeppni við sálfræðinga. Ef það er eitthvað að og þú þarft djúpa leiðsögn og meðferð þá erum við frekar aðilinn sem þú kemur til eftir að þú ert búinn að fara til sálfræðings. Þess vegna legg ég áherslu á heilbrigða einstaklinga. Við erum ekki klínískt fólk eða meðferðar úrræði en við vinnum með mikið af bæði sálfræðingum, kvíðameðferðarstöðinni og fullt af aðilum fyrir þá sem þurfa á því að halda. En við erum fyrst og fremst árangursdrifir fyrirtæki og erum að hjálpa fólk að ná öllu því besta sem það getur. Á öllum þessum áratugum sem við höfum verið hér á Íslandi erum við búin að læra það að fólk getur almennt miklu meira enn það heldur.

Hvað kemur fólki mest á óvart við námskeiðin?

Það eru fjölmargir hlutir. Eitt af því sem að margir tala um er að þegar þú kemur á námskeið, hvort sem það er live online eða staðbundið, þá hittirðu einhvern svona þverskurð af þjóðinni. Við erum náttúrulega svo miklar hjarðskepnur að hópurinn sem við veljum í kringum okkur er oftast mjög einsleitur og svipaður. Þegar ég hitti mína vini erum við ekkert stórkostlega ósammála um hluti, deilum yfirleitt sama sjónarhorni. En svo detturðu inn í fjölbreyttan hóp og þá fatarðu allt í einu að það eru fleiri hliðar, þannig að þetta opnar dálítið nýja sýn. Síðan hittirðu náttúrulega mikið af fólki sem eru í öðruvísi aðstæðum en þú, kannski miklu ríkari eða miklu fátækari en þú, hafa haft það miklu betra eða verr enn þú, þannig að þú færð allt öðruvísi spectrum af fólki sem að þú deilir landinu með.

Síðan er náttúrulega mikið af fólki sem talar um að hafa náð miklu meiri árangri en það bjóst við að ná. Þú ferð inn með óljósar hugmyndir en síðan einhvern veginn ertu að vaxa milli tímanna og kynnist ólíku fólki og færð hugmyndir frá þeim og þá vakna nýjar pælingar. Þú færð kannski miklu meira enn þú bjóst við að fá, kannski eitthvað sem þú vissir ekki að þig langaði í eða vantaði. Þannig að þetta er alltaf þínu óskrifað blað hjá hverjum og einum.

Hágæða innihaldsefni & dýpri virkni úr íslensku hafi



Ljómandi
kollagen

Íslenskt í húð &
hár með vatns-
rofnu kollageni
& fiskprótíni
úr íslensku
þorskroði

Hámarks virkni
fyrir húð, hár &
neglur

Stoðkerfið í
fyrirúmi

Kollagenrík
blanda með
þorskprótíni
ásamt túrmeriki
fyrir heilbrigða
vöðva, liði,
bein & brjós

Hreyfing er
lífsgæði



PROTIS

Róbert Wessman

Róbert Wessman er viðskiptafræðingur, stjórnarformaður og forstjóri Alvogen, stofnandi og stjórnarformaður Alvotech og stjórnarformaður lyfjafyrirtækisins Lotus. Auk þess leiðir hann einnig fjárfestingafélagið Aztiq. Snemma í starfsferli hans markaði hann sér skýra stefnu - að bæta líf fólks og auka aðgengi að lyfjum á viðráðanlegu verði. Með því að augnamiði stofnaði hann og byggði ásamt samstarfsfólki sínu upp samheita- og líftækni lyfjafyrirtækin sem leiðandi eru á heimsvísu. Ritnefndin heyrði í honum og fékk að forvitnast aðeins um líf hans og starfsemi.

Hver ert þú og hvernig myndirðu lýsa þér í nokkrum orðum?

Það er án efa auðveldast að fá svar við þessari spurningum með því að tala við frúnna, börnin eða vinina. Margir sjá mig sem forstjóra og fjárfesti en ég sé sjálfan mig sem einstakling sem hef gaman af lífinu og nýt þess að vera með vinum og fjölskyldu. Ég var alinn upp við að loforð skulu standa og að hjálpa öðrum væri dyggð. Ég hef alltaf lagt mig fram við að gera mitt besta á öllum sviðum, stend við loforð og tel mig vera hjálpsaman þegar kemur að öðru fólki. Mér finnst gagnkvæm virðing skipta miklu máli í samskiptum fólks sama hver á í hlut. Ég hef mjög gaman að kynnast nýju fólki og læra eitthvað nýtt af því. Ég tek sjálfan mig sem einstakling ekki of alvarlega utan vinnu og hef gaman af öllum íþróttum og er alltaf til í sprell með krökkunum eða vinum.

Hvernig hefur starfsferillinn þinn verið?

Ég hef verið ótrúlega lánsamur þegar kemur að starfsferlinum. Ég hóf störf hjá Samskipum eftir útskrift úr háskóla og starfaði m.a. í Þýskalandi. Það var mjög lærdómsríkur og skemmtilegur tími sem ég hef búið að síðan. Ég var síðan ráðinn forstjóri lyfjafyrirtækisins Delta þegar ég var 29 ára gamall. Ég hef sjálfsagt verið unglegur því eina spurningin sem ég fékk á fyrsta starfsmannafundi var „hvað ertu gamall?“. Á þessum tíma var Delta, sem síðar varð Actavis, með 99 starfsmenn á Íslandi og einungis um 6 milljónir evra í veltu. Félagið var fjárhagslega illa statt og þurfti að hafa hraðar hendur til að bjarga rekstrinum. Átta árum síðar var félagið með starfsemi í yfir 60 löndum með um 15.000 starfsmenn og veltu upp á tvo milljarða Bandaríkjadollara. Á þeim tíma var fyrirtækið í hópi þriggja stærstu í heiminum á sínu sviði.

Það er margt sem þarf til að byggja upp svona félag. Framtíðarsýnin þarf að vera mjög skýr bæði til að forgangsraða rétt og til að laða að og virkja hæfustu liðsmeildina. Einnig þarf mikla þekkingu á rekstri til að nýta fjármuni og tíma til hins ítrasta og getu til að byggja alla innviði á sama tíma og félagið er í örur vexti um allan heim. Þetta var allt saman gert með mjög takmörkuðu fjármagni en var mjög skemmtilegur tími. Félagið var svo tekið af markaði árið 2008 og var verðmæti félagsins þá um 3,5 milljarður evra.

Mér fannst spennandi að sjá hvort ég gæti byggt upp annað samþætlegt félag aftur. Umhverfið 2008 var allt annað en 1999, um 10 fyrirtæki voru með 50 % af allri veltu samheitalyfja í heiminum og enginn að biða eftir enn einu slíku fyrirtæki. Alvogen leit dagsins ljós árið 2009 í miðju bankahruni. Á þessum tíma þurfti annarskonar strategíu. En við héldum af stað með kjarnateymi af reynsluboltum úr samheitalyfjabransanum og fókus á strategíu sem við upphaflega teiknuðum á servíettu. Sýnin var skýr og planið var að byggja upp leiðandi fyrirtæki á sviði hágæða samheitalyfja sem flókið var að framleiða. Aðgengi almennings að slíkum lyfjum á viðráðanlegu verði var takmarkaður og við einsettuðum okkur að auka aðgengi að slíkum lyfjum og ryðja þannig brautina fyrir næstu kynslóð samheitalyfja m.a. á sviði flókinnna hjartalyfja og líftækni lyfja. Skýr forgangsröðun og einstakur fyrirtækjakúltúr laðaði að hæfileikaríkt fólk þannig að



á örfáum árum var Alvogen orðið á meðal leiðandi samheitalyfjafyrirtækja í heiminum með starfsemi í yfir 35 löndum. Ég sá mjög snemma að líftækni lyf væru framtíðin og lagði áherslu á nauðsyn þess að byggja upp vöruframboð, hæfni og þekkingu á því sviði. Árið 2013 stofnaði ég Alvotech með það markmið að leiðarljósi. Ég vissi að vegferðin yrði löng, þar sem það myndi taka um 10 ár að byggja upp fyrirtækið og koma fyrsta lyfinu á markað. Jafnframt reiknaði ég með að fjárfesting í rekstrinum myndi nema um isk 130 milljörðum íslenskra króna á þessu tímabili. Alvotech er þróunarfyrirtæki og mun Alvogen selja og dreifa þeim lyfjum um allan heim. Alvotech er með þróunarsetur í Vatnsmýri, Þýskalandi og Sviss. Alvotech er þekkingarfyrirtæki sem hefur skapað um 600 hátækni starfsmenn á Íslandi og mun skapa miklar gjaldveiristekjur fyrir landið á komandi árum.

Var engin aðgangshindrun í því að verða forstjóri í lyfjageira án þess að hafa lært undir það svið?

Ég var ráðinn sem forstjóri 29 ára hvorki með menntun í lyfjafræði né starfsreynslu. Ég var því mjög ungur í byrjun og reynslulaus. Ég hafði hins vegar mjög skýra sýn á hvernig ég vildi byggja upp félagið og hvernig hægt væri að gera það. Aðalatriðið til að ná árangri fyrir mig á þessum tíma var að sannfæra starfsfólk um að ég gæti leitt fyrirtækið í gegnum umbreytingar og það gæti treyst nýja reynslulausa forstjóranum. Það má þó aldrei vanmeta mikilvægi þess að hafa djúpa þekkingu á þeim geira sem fyrirtækið starfar í og skilja hvaða grundvallar atriði liggja að baki samkeppnishæfni fyrirtækja á þeim markaði. Ég varði því miklum tíma í að kynna mér starfsemi

og læra af sérfræðingum fyrirtækisins á öllum sviðum til þess að ég hefði haldgóða þekkingu á hvað þarf til að ná árangri. Það má því segja að ég hafi verið í hálfgerðu „bootcamp“ fyrstu mánuðina og ég hef verið að læra allar götur síðan. Þetta gerir mér kleift að móta skýra stefnu, hanna rétt skipurit til að samhæfa teymi þvert á lönd og sérfræðisvið og laða að og virkja hæfileikaríkt starfsfólk á öllum sviðum. Þannig hefur tekist að byggja upp ný fyrirtæki sem öll hafa orðið leiðandi á sínu sviði.

Hvernig áhrif hafði Covid faraldurinn á þinn rekstur? Aðallega þá Alvogen/Alvotech og Aztig?

Lyfjastarfsemi er ekki mjög háð hagsveiflum almennt sem gefur kannski að skilja. Hins vegar í okkar geira sem og annarstaðar þá skipta persónuleg samskipti miklu máli og því hafði ég töluverðar áhyggjur þegar Covid skall á. Við vorum að fjármagna Alvotech og byrja að undirbúa skráningu á félaginu. Fjármálamarkaðirnir aðlöguðu sig hratt að aðstæðum og fljótt var orðið lítið tiltökumál að fjármagna reksturinn og semja um stóra viðskiptasamninga á Teams og Zoom. Í upphafi Covid þössuðum við okkur á að panta vel af hráefnum og aðföngum sem gæti mögulega verið erfitt að nálgast í Covid. Þannig gátum haldið öllum verksmiðjum opnum og þróunarstarfsemi á nýjum lyfjum gekk samkvæmt áætlun.

Hvað fannst þér skemmtilegast við viðskiptafræði?

Viðskiptafræði er í raun ákveðið þroskaferli. Þar lærir maður sannarlega að læra að beita ákveðnum tólum og aðferðum en fyrst og fremst er námið vegferð til að undirbúa fólk til að takast á við verkefni framtíðar. Mér fannst námið að flestu leyti skemmtilegt og hefur margt af því nýst vel. Skemmtilegast var þó að sjálfsgöðu félagslífið og vinirnir sem maður kynntist. Ég fékk að reyna á sönghæfileikana í Tradition á árs hátíðum sem kannski var ekki endilega jafnmikil skemmtun fyrir alla hina. Ég kenndi svo dæmatíma í stærðfræði með námi í viðskiptafræði sem ég hafði mjög gaman af. Ég var líka virkur í AISEC sem var líka sérlega skemmtilegt.

Er það rétt að þú hafir verið í stjórn Mágusar meðan þú varst í viðskiptafræði? Getur þú sagt okkur aðeins frá því tímabili?

Ég bauð mig fram sem gjaldkeri Mágusar. Það var mjög skemmtilegur tími. Þarna var maður ábyrgur fyrir fjármálum félagsins, fjáröflunum, skemmtunum og öðru. Þetta var mjög gefandi og sannarlega þroskandi. Ég held að þetta hafi gefið mér jafn mikið og námið sjálft að sýna ábyrgð og gera mitt besta.

Hvernig myndir þú lýsa einum hefðbundnum vinnudegi hjá þér?

Dagarnir eru mjög ólíkir en eiga það sameiginlegt að vera langir og mjög annasamir. Ég fæ oftast bæði skemmtilegustu og erfiðustu verkefni inn á borð til mín. Ég er alltaf í miklu sambandi við lykilmál til að bæði fylgja eftir verkefnum og styðja við verkefni í samstæðunni. Það fer alltaf hluti af deginum mínum í að skoða næstu skref í rekstrinum hvort heldur sem vel gengur eða gefur á bátinn.

Hvaða eiginleikar eru að þínu mati nauðsynlegir til þess að vera góður forstjóri?

Fyrst og fremst skýr framtíðarsýn og leiðtogahæfni til að geta hrifið fólk með sér, fá fólk til að starfa í hópi, byggja upp góða vinnustaðamenningu, setja skýr markmið og virkja starfsmenn til þátttöku til að ná settum markmiðum. Leikgleði, umbun og uppskera fyrir hópinn er mikilvægur partur af þeim árangri sem við náum.

Góður forstjóri er fylginn sér en sanngjarn og gerir sitt best til að laða það besta fram í fólk.

Hvernig ráð myndir þú gefa fólk sem er að ihuga eigin rekstur?

Skoða vel hvort verkefnið gæti verið arðbært. Spyrja sig vel hvort verkefnið sé virði þess tíma sem þú setur í það eða hvort tímanum væri betur varið í annað. Frumkvöðulsstarfið krefst mikils tíma og brennandi áhuga en það getur jafnframt verið mest gefandi starf sem þú tekur þér fyrir hendur. Jafnframt þarf að huga vel að fjármögnun, leita ráða þeirra sem þekkjast vel til, setja sér skýr markmið og vinna með góðu fólk. Enginn nær árangri einn.

Hver eru helstu mistök sem byrjendur í eigin rekstri gera?

Byrjendur fara oft af stað án þess að tryggja nægt fjármagn til rekstursins. Oft er farið af stað með viðskiptahugmynd þar sem ef betur er skoðað er byggð á mjög hæpnum rekstrarforsendum og stundum eru rekstrarforsendur ekki til staðar. Oft er farið af stað í rekstur án þess að viðkomandi þekki rekstrarumhverfið eða reksturinn sjálfan nægilega vel. Ég hef jafnframt séð dæmi þess að viðkomandi aðili hafi ekki færni til að byggja upp sinna fyrirtækjarekstri.

Hver er þin skoðun á rafmyntum?

Í heiminum í dag eru til nægar myntir til að gera allt það sem þarf. Rafmyntir eru órekjanlegar og bæta litlu í þá flóru sem hefðbundnar myntir hafa uppá að bjóða. Rafmyntir hafa ekki rekjanleika og því líklegra að þær séu notaðar í vafasamari starfsemi. Ég sé því í raun ekki tilganginn með þeim eins og þær eru í dag. Hins vegar get ég séð fyrir mér að einstakar myntir í dag gætu orðið að rafmyntum í einhverju formi í framtíðinni. Millifærslur í gegnum bankakerfið hefur rekjanleika og í stað seðla er klárlega hægt að notast við Apple Pay eða aðra rafræna möguleika í auknu mæli í framtíðinni.

Hver eru þin helstu áhugamál?

Ég á mörg áhugamál og reyni að sinna þeim eins og tíminn leyfir. Ég hef mjög gaman af að fara á skiði og förum við fjölskyldan oftast einu sinni á ári í skíðafrí. Með árunum er ég að verða liðtækari í tennis sem ég hef líka mjög gaman af. Ég og frúin hjólum töluvert þegar sól rís á lofti á vorin og ég hef enn mjög gaman af hjólríðum. Ég fylgist með íþróttum eins mikið og tíminn leyfir bæði fótbolta og öðrum íþróttum. Svo erum við hjónin í framleiðslu á hágæða vínunum sem er mjög skemmtilegt. Annars skiptir mestu máli að kunna að njóta lífsins, sama hvað það biður uppá og geta slappað af með vínunum og fjölskyldu.

Katrín Olga Jóhannesdóttir

Katrín Olga er fyrsta konan sem varð formaður Viðskiptaráðs Íslands og situr núna í stjórn Landsnets, Nasdaq, Eyrir Venture Management og Högum. Hún byrjaði í þrjú daga í Verslunarskóla Íslands áður en hún fór í Fjölbrotaskólann í Breiðholti þar sem hún útskrifaðist sem stúdent af viðskiptabraut. Eftir það tók hún BSc. í viðskiptafræði við Háskóla Íslands og meistaranám frá Odense Universitet í Fjóni í Danmörku, sem heitir í dag University of South Denmark. Þar valdi hún markaðsfræði sem sérgrein.

Hvernig varstu sem nemandi?

Ég var þínulítið kærulaus í framhaldsskóla – t.d. féll ég á mætingu eina önnuna, en náði öllum prófunum! Ég útskrifaðist frá HÍ með 7 eitthvað í meðaleinkun og síðan þegar ég valdi markaðsfræðina þá blómstraði ég.

Fannst þér skemmtilegt í náminu og vissir þú strax að viðskiptalífíð var þín grein?

Mér fannst fyrst árið í Viðskiptafræði alveg hræðilega leiðinlegt – það voru ýmis fög þar sem voru ekki mín fög s.s. heimspeki, félagsfræði og lögfræði.

Þegar ég var komin út á markað þá fann ég mig strax í viðskiptalífínu – fyrir mér snúast viðskipti um sköpun, sköpun í víðasta skilningi. Þú ert að móta leiðir til að ná til viðskiptavina, þú ert að skapa ferla sem auðvelda viðskipti, þú ert að setja niður markmið og finna leiðir til að ná þeim. Viðskipti eru alveg hrikalega skemmtileg!

Hver var fyrsta vinnan þín og hvernig hefur starfsferillinn þinn verið?

Fyrsta vinnan mín var fyrir Landsbanka Íslands. Síðan tók ég við markaðsstjórastarfi hjá Arnarflugi – og segi stundum að ég hafi „nauðlent“ með þeim, þar sem fyrirtækið náði ekki að halda starfsemi áfram, þegar ég var búin að vera eitt ár í starfi – mjög lærdómsríkt. Þá varð ég markaðsstjóri bílannflutningsfyrirtækis, fyrir lambakjöt og hjá Halldóri Jónssyni, sem er innflutningsfyrirtæki í bjútibiz. Eftir það tók ég við framkvæmdastjóra starfi hjá Navision Software, sem var danskt hugbúnaðarfyrirtæki og Microsoft eignaðist á meðan ég starfaði þar. Þá tók við framkvæmdastjórastöður hjá Símanum, fyrst sem framkvæmdastjóri markaðsviðs, sem var 400 manna eining og sá um alla snertifleti við viðskiptavininn s.s. verslanir, þjónustuver, vörustjórnun, markaðsmál ofl. Síðan varð ég framkvæmdastjóri einstaklingssviði Símans. Eftir það tók við framkvæmdastjórastaða hjá Skiptum sem var móðurfélag Símans. Þá keypti ég og viðskiptafélagi minn, Sigríður Margrét Oddsdóttir, Já hf með framtakssjóði og seld ég minn hlut þar árið 2017. Á árunum 2016-2020 var ég formaður Viðskiptaráðs Íslands, fyrst kvenna á 99. starfsári ráðsins.

Frá árinu 2006 hef ég einnig setið í stjórnun ýmissa fyrirtækja og stofnana, s.s. Icepharma, Seðlabanka Íslands, Ölgerðarinnar, Icelandair group, Verði tryggingum, Högum, Nasdaq Ísland og Eyrir venture management, svo eitthvað sé nefnt.

Hvað myndir þú segja við sjálfa þig að hafa í huga áður en þú hófst af stað á vinnumarkaðinn?

Stattu með sjálfum þér, vertu trúr sannfæringu þinni, taktu gleðina með í för, vertu breytingin, því breytingarnar verða alltaf.

Mest krefjandi tími í vinnuferlinu? Mesta achievement? Skemmtilegasti tíminn á vinnumarkaðnum?

Mest krefjandi tíminn var hjá Símanum, mikið að gerast og skemmtileg verkefni. Það að breyta Símanum frá opinberu tæknimiðuðu fyrirtæki yfir í nútímalegt markaðsfyrirtæki, með skýrri mörkun og



stefnumótun er það sem ég er hvað stoltust af í ferlinum, ásamt því að hafa verið formaður Viðskiptaráðs Íslands.

Lýstu einum hefðbundnum vinnudegi hjá þér.

Þátttaka í stjórnarstörfum og undirbúningur fyrir fundina.

Fara erlendis til náms? Must or not?

Must – taka t.d. grunnám á Íslandi og ná sér í tengslanet hér, síðan alltaf að fara til útlanda í meistaranám, helmingurinn af námi erlendis er að búa í öðru landi.

Skiptir tengslamyndun máli og hvernig hefur þú sinnt henni?

Já tengslamyndun skiptir miklu máli í viðskiptum. Ég hef helst sinnt því með því að halda tengslum við fólk sem ég hef starfað með í gegnum tíðina, mæta á viðburði í viðskiptalífínu s.s. Viðskiptaþing Viðskiptaráðs Íslands, þar er skyldumæting!

Margir stefna langt í lífinu en vilja á sama tíma stofna fjölskyldu, hvenær er sá tími bestur að þínu mati og hvernig er best að halda jafnvægi á vinnu og fjölskyldu?

Besti tíminn til að eignast fjölskyldu, barn, er á háskólaárunum. Þá er sveigjanleiki og þið ekki byrjuð að klifra metorðastigann. Það er best að halda jafnvægi á milli vinnu, þíns sjálfs og fjölskyldu með því að ganga ekki á einn þessara hluta umfram annan – þá fæst jafnvægi.

Lýstu einum hefðbundnum vinnudegi.

Þátttaka í stjórnarstörfum og undirbúningur fyrir fundina

Hver eru þín helstu áhugamál?

Skíði, bæði í brekkum og á gangandi, lestur góðra bóka, fluguveiði, hreyfing s.s. pilates og hlaup, fjallgöngur, samvera með vinum og margt, margt fleira! .

Birna Einarsdóttir

Birna Einarsdóttir hóf nám sitt í Verzlunarskóla Íslands á hagfræðibraut og lauk síðan viðskiptafræði í Háskóla Íslands og MBA gráðu frá Háskólanum í Edinborg. Nú í dag starfar hún sem bankastjóri Íslandsbanka og með þann heiður að vera fyrsta og eina konan til að stýra félagi í Íslensku Kauphöllinni.

Hvernig varstu sem nemandi?

Mér gekk vel í stærðfræði, bókfærslu og slíkum greinum. Ég er glötuð í tungumálum, vantar þann kubba í mig. Tala ensku með svakalega íslenskum hreim!

Fannst þér skemmtilegt í náminu og vissir þú strax að viðskiptalífið var þín grein?

Ég hef alltaf verið mjög ánægð með það fag sem ég valdi. Hef ótrúlega gaman af viðskiptum og öllu í kringum þann málaflokk. Mér fannst námið í viðskiptafræðinni svo skemmtilegt, sérstaklega seinni árin, að ég vildi ekki missa af neinum tíma. Ég fékk síðar tækifæri til að kenna markaðsfræði þar og það var virkilega gaman og góð reynsla.

Hver var fyrsta vinnan þín og hvernig hefur starfsferillinn þinn verið?

Þegar ég var að ljúka námi byrjaði ég að vinna hjá Íslenskum fótboltagetraunum sem framkvæmdastjóri. Ég vissi ekkert um fótbolta og ég hugsa oft hvað það voru framsæknir menn sem réðu mig í þetta starf.

Mest hef ég þó verið í banka bransanum – byrjaði í lðnaðarbankanum fyrir mjöðög löngu síðan. Ég hef verið markaðsstjóri, framkvæmdastjóri og tók síðan við sem bankastjóri árið 2008. Inn á milli átti ég frábær sex ár hjá Royal Bank of Scotland í Edinborg þar sem ég var vörustjóri og ég bý enn þann dag í dag að þeirri reynslu. Þetta var einstakt tækifæri að vinna hjá svona stóru alþjóðlegu fyrirtæki og kynntist þar líka mikið af góðu fólki sem ég held sambandi við.

Hvað myndir þú segja við þig sjálfa að hafa í huga áður en þú hófst af stað á vinnumarkaðinn?

Að vera hugrökk og áráðin. Það kemur ekkert til þín af sjálfu sér þú þarft að hafa fyrir hlutunum. Það er líka mikilvægt að nýta hvert tækifæri sem gefst til að kynna fólki.

Mest krefjandi tími í vinnuferlinu? Mesta achievement? Skemmtilegasti tíminn á vinnumarkaðnum?

Árið 2008 þegar ég tek við sem bankastjóri í kjölfar hruns á Íslandi er án efa mest krefjandi tíminn á mínum ferli en á sama tíma lærdómsríkastur. Að byggja upp nýjan banka sem var ekki með neinn efnahagsreikning á sama tíma og ná þurfti sátt við viðskiptavini sem voru margir í erfiðri stöðu, líkt og starfsfólkið sjálft. Ég lit stolt til baka hvernig við unnum saman að því að búa til nýjan banka og vinnustað með því að móta framtíðarstefnu á sama tíma og við reyndum að leysa úr málum viðskiptavina.

Lýstu einum hefðbundnum vinnudegi hjá þér.

Ég geri reglulega mælingu á því hvernig ég ver tíma mínum í vinnunni. Vil hafa gott jafnvægi milli samskipta við viðskiptavini, starfsfólk, stjórn og hluthafa. Ég sit mest á fundum og stundum finnst mér ég ekki gera nokkurn skapaðan hlut en þá kemur sér vel að vera með frábæran hóp sem kemur hlutunum í verk.

Skiptir tengslamyndun máli og hvernig hefur þú sinnt henni?

Tengslamyndun er nauðsynleg í mínu starfi og sennilega hvar svo sem lítið er á vinnumarkaðinn. Ég hitti mikinn fjölda fólks á fundum



og í mínum daglegu störfum en utan vinnutímans legg ég líka ríka áherslu á að viðhalda góðum tengslum við vini og kollega. Það er dýrmætt að læra af öðrum og geta miðlað áfram.

Hvernig er það að vera eina konan sem stýrir félagi í Kauphöllinni?

Á sama tíma og það er gott að það sé meiri fjölbreytni í Kauphöllinni þá er þetta vonandi ekki að fara verða staðan til lengri tíma. Það eru ákveðin vonbrigði að það hafi ekki fleiri konur orðið forstjórar þegar stjórnir urðu fjölbreyttari því nóg er nú til af frambærilegum konum!

Ertu með ráð fyrir fólk sem eru að koma inn á atvinnumarkaðinn?

Ég hef verið mentor fyrir ungar konur í langan tíma og minni þær oft á að vera alltaf við gufugatið. Vera tilbúna þegar tækifærin bjóðast eða þegar þau eru í augnsýn og sækja þau en þetta á auðvitað við alla. Það er sjaldnast þannig að hlutirnir komi auðveldlega upp í hendurnar á okkur, við þurfum að berjast fyrir því sem við viljum.

Margir stefna langt í lífinu en vilja á sama tíma stofna fjölskyldu, hvenær er sá tími bestur að þínu mati og hvernig er best að halda jafnvægi á vinnu og fjölskyldu?

Mér finnst mikilvægt að það sé gott jafnvægi á vinnu og einkalífi fólks. Við finnum það hjá Íslandsbanka að það er líka hluti af því að gera vinnustaðinn eftirsóknarverðan. Fyrir Covid-19 byrjuðum við að innleiða fjarvinnu þannig að starfsfólk vinnur alltaf hluta úr viku heima hjá sér eða þar sem það kys. Við höfum fundið á starfsfólki að þetta einfaldar oft á tíðum fjölskyldulífið og minnkar stress. Það sást líka í mælingum að starfsánægja jókst þegar heimavinna varð meiri. En aðalatriðið er að treysta starfsfólki fyrir verkefnum sínum og búa þannig til sveigjanlegra umhverfi sem gerir fólki kleyft að blanda þessu vel saman.

Hver var draumavinnan þegar þú varst ung - hvað langaði þig að verða?

Ég á ekki sterkar minningar um draumavinnuna. Líklega hef ég ætlað að verða bóndakona enda var í ég sveit í 10 sumur.

Suitup

Suitup er herrafataverslun sem sérhæfir sig í sérsaumuðum jakkafötum. Verslun þeirra er staðsett í Bolholti 4 í Reykjavík. Ritnefndin kíkta til þeirra í kaffibolla og fengu strákana til að segja sér hvernig Suitup varð að veruleika.



Egill Ásbjarnarson og Jökull Vilhjálmsson stofnuðu herrafataverslunina Suitup í janúar árið 2014. Á þessum tíma var Egill í lögfræði og Jökull í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Þar sem þeir voru hvorugir með miklar skuldbindingar ákváðu þeir að stinga sér beint ofan í djúpu laugina og stofna fyrirtæki sem sérhæfir sig við sérsaumuð jakkaföt. Þrátt fyrir að vita lítið sem ekkert um það að reka fyrirtæki sáu þeir gat í markaðnum fyrir slíku fyrirtæki.

Áður en þeir stofnuðu Suitup hafði Egill verið að vinna í fata-verslun í rúm sjö ár þar sem áhugi hans á fatnaði blómstraði. Fallega og rétt gerðir hlutir eru mikið áhugamál hjá þeim báðum og hefur verið það frá fyrsta degi.

Þar sem skuldbindingarnar hjá þeim voru ekki miklar gerði það þeim kleift að stofna Suitup með eigin fjárfestingu. Með því að taka ekkert lán hjálpaði það þeim að byggja reksturinn upp innan frá, þeir eru mjög þakklátir fyrir það þrátt fyrir erfiða vinnu þar sem þeir eru með mjög heilbrigðan rekstur í dag.

Þegar þeir opnuðu sínar fyrstu dyr voru þeir staðsettir í lítilli skrifstofu á Suðurlandsbraut. Þar sem þeir voru aðeins að bjóða upp á sérsaumuð jakkaföt var lítið mál fyrir þá að vera í litlu umhverfi. Á aðeins þremur mánuðum höfðu þeir myndað góðan hóp fastakúnnna og voru fyrstu jakkafötin seld í apríl.

Með árunum stækkaði kúnnahópurinn og með því húsnæðið. Suitup er núna staðsett í Bolholti 4 í Reykjavík þar sem þú getur komið í sérsaum og fundið þér tilbúna flíkur.

Það sem hjálpaði þeim gríðarlega að byggja upp sterkan grunn frá byrjun var að þeir fundu fljótt lykirlirgja í virðiskeðjunni hjá sér og eru enn í viðskiptum við marga þá birgja í dag.

Þegar það kom að því að velja birgja voru þeir mjög vandlátir með val sitt á verksmiðjum. Þeir vildu aðallega finna framleiðendur sem bera sömu ástríðu og sömu heildarsýn á fallega og vel gerðum hlutum. Það sem kom þeim mest að óvart varðandi reksturinn var endanlegi kúnnahópurinn. Þrátt fyrir að vera ekki með skýra hugmynd á hver hann yrði héldu þeir upprunalega að það yrðu karlmenn í óvenjulegum stærðum, sem er alls ekki raunin í dag. Þegar það kemur að sérsauminum eru það karlmenn í öllum stærðum og gerðum sem versla hjá þeim, það er einfaldlega bara vegna þess að þeir vilja falleg og vel unnin föt.

Þeir byggðu reksturinn sinn upp með eigin fjárfestingu sem gaf þeim það forskot að byggja hann upp á heilbrigðan máta.

“*Það er alveg smá **Rómantísk** hugsun að þegar allt er fjöldaframléitt og mikið til af öllu að eitthvað sé algjörlega búið til frá grunni fyrir þig*”

Það sem aðgreinir Suitup frá öðrum herrafataverslunum er að þeir leggja sig fram um að bjóða upp á bestu mögulegu efni, að saumakapurinn og frágangurinn sé eins góður og hægt er, ásamt góðri og persónulegri þjónustu. Einnig geta viðskiptavinir þeirra verið vissir um að hitta á þá sjálfa þegar þeir koma í verslunina, ekki einhvern helgarstarfsmann. Viðskiptavinir koma aftur vegna þess að þeir vita að þeir munu fá persónulega þjónustu og treysta á ráðleggingar strákanna um næstu kaup.

Þau gildi sem Egill og Jökull hafa tileinkað sér eru að fórna aldrei



gæðum yfir pening, að setja ákveðinn staðal og halda svo við hann. Þótt þeir viti að þeir gætu farið ódýrari leiðir í framleiðslunni myndi það einfaldlega bitna á gæðunum á fötunum.

Suitup eru ekki í því að eltast við tískustraumana. Þeir eru frekar heppnir með það að herrafatnaður og jakkaföt eru í grunninn mjög tímalaus flík. Tískan breytist ekki það mikið að flíkur sem eru vel gerðar haldi sínu gildi í mörg ár.

“ Allt sem þú getur gert sjálfur, gerðu það sjálfur ”

Það sem þeir hafa mesta ánægju af í sinni vinnu er að gefa fólki ákveðið gildi, að fá að aðstoða fólk við að fjárfesta í góðri flík sem þeir hafa fulla trú á. Einnig það að fá að vinna með góðum vinum sínum að gera það sem þeir elska, fá að mynda persónuleg tengsl við alla sína birgja um alla Evrópu og fara í vinnuferðir til Ítalíu.

Það allra mikilvægasta að vita áður en það er farið í það að stofna fyrirtæki samkvæmt Agli og Jökli er að átta sig á því að fyrstu árin verða aldrei auðveld. Þú getur ekki gengið að vísu að reksturinn þinn sé að fara að ganga vel frá fyrsta degi en ef þú virkilega trúir á hugmyndina þína og ert tilbúinn að leggja á þig vinnuna eru allar líkur að þetta gangi upp.

Að þeirra mati þarftu að vera til taks 24/7 alla daga ársins og vera tilbúinn að þurfa að læra nýja hluti á hverjum degi ef þú ert að stofna þitt eigið fyrirtæki, hvort það sé að smíða borð eða einfalt bókhald.

Þegar það kemur að því að markaðssetja sig reyna strákarnir ekki að einblína of mikið á að eyða peningunum sínum og tíma í auglýsingar á netinu. Það sem þeir einbeita sér að er að veita eins góða þjónustu og vöru og þeir mögulega geta og vona að það láti viðskiptavini vilja koma aftur og aftur. Þeir segja að besta auglýsingin sé ánægður kúnni sem talar vel um merkið þitt.

Til þess að passa upp á viðskiptavini sína og vörumerkið sitt hafa þeir til dæmis innifalið styttingu á buxum í verðinu á tilbúnu jakka-



fötunum þeirra, einfaldlega vegna þess að þeir vilja ekki að viðskiptavinirnir séu að ganga úr versluninni í allt of síðum buxum, þeir vilja að flíkin þeirra endurspegli vörumerkið þeirra.

Eitt af þeirra helstu skilyrðum er að allt sem er til sölu í versluninni þeirra er eitthvað sem þeir eru stoltir af og eitthvað sem þeir myndu klæðast sjálfir.

www.suitup.is

Klak - Icelandic Startups

Klak Icelandic Startups eru samtök sem aðstoða sprotafyrirtæki í því að stækka og þróa hugmyndir þeirra á næsta stig. Þau bjóða upp á marga hraðla og frumkvöðlakeppni, auk þess tengja þau sprotafyrirtækin við sérfræðinga, fjárfesta og leiðandi sprotamiðstöðvar erlendis.

Það eru fjölmargar leiðir til að stofna fyrirtæki, Klak Icelandic Startups hefur varðað leiðina til að vekja athygli á því hversu öflugt stuðningsumhverfi nýsköpunar er hér á Íslandi. Klak er óhagnaðardrifið félag sem er í eigu Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Origo, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins.

Það varð til árið 2000 og sameinaðist Innovit árið 2013. Árið 2016 urðu þau Icelandic Startups og nú fara þau aftur í gamla nafnið að hluta til og heita nú Klak Icelandic Startups.

Þau eru helsti stuðningsaðili í sprotaumhverfinu á Íslandi, fyrirtækið skilgreinir sig sem hryggjarstykkið í nýsköpunarsenunni. Þau eru að hjálpa frumkvöðlum að raungera hugmyndir sínar og ná að stofna fyrirtæki, sem og að hjálpa sprotafyrirtækjum að vaxa innanlands og út fyrir landsteinana. Markmið þeirra er að fjölga sprotafyrirtækjum sem byggja á hugviti og auka þannig sjálfbæra verðmætasköpun á Íslandi.

Þau eru að vinna að þessu með því að tengja fyrirtækin við sérfræðinga, fjárfesta eða aðra lykilaðila. Einnig notast þau við ýmsa viðskiptahraðla sem flýta fyrir þróun fyrirtækja, þeir eru allir með mismunandi áherslur eftir því sem þörf er á hverju sinni og eru hugsaðir fyrir teymi sem eru komin vel af stað í vöruþróun. Klak keyrir 3-4 hraðla á ári og hægt er að nefna Til Sjávar og Sveita sem er tengt landbúnaðar- og sjávarútvegsgeiranum, Hringiða sem er hringrásarhraðall og Firestarter sem var tónlistarhraðall. Þessir hraðlar urðu til þegar iðnaðinum fannst þörf á þeim.

Icelandic Startups hefur einnig haldið keppni síðan 2008 sem heitir Gulleggið. Það er stærsta frumkvöðlakeppni landsins og er haldin í janúar ár hvert. Til að taka þátt í Gullegginu er best að vera með hugmynd en einnig er hægt að taka þátt án hennar. Í Gullegginu er verið að kenna fólki að þróa hugmyndir sínar og búa til kynningar sem þau gætu síðan notað til að sækja um styrk sem heitir Fræið.

Með Fræinu er möguleiki á að fá tvær milljónir króna í styrk en í heild sinni fara rúmir 4,3 milljarðar í styrki fyrir nýsköpunarfyrirtæki á Íslandi. Gulleggið er opin og kostnaðarlaus keppni til að gera frumkvöðlasenuna meira aðgengilega fyrir alla. Þetta er gert svo að frumlegar og mismunandi hugmyndir verði til því ef frumkvöðlar eru einsleitir hópur þá myndast bara einsleitir hugmyndir og lausnir.

Þegar Gulleggið var haldið seinast voru um 60% þátttakenda háskólanemar og mikill meirihluti var ungt fólk.

Mörg þekkt fyrirtæki hafa farið í gegnum Gulleggið, til dæmis fyrirtækin Solid Clouds, Genki, Atmonia, Meniga, Controlant, RóRó og PayAnalytics. Áhugavert er að horfa á Masterclass myndbönd á síðu Gulleggsins, þar eru margir fyrirtækjastofnendur og hægt er að sjá fjölbreytileikann hjá þeim.

Klak Icelandic Startups hefur ákveðna sérstöðu á nýsköpunarmarkaðnum, þau eru með mjög góð alþjóðleg tengsl þegar kemur að nýsköpun. Það eru haldnar ráðstefnur í Danmörku og Finnlandi sem íslensk sprotafyrirtæki geta verið sent á. Þau eru einnig að vinna að samvinnuverkefni innan Norðurlandanna fyrir "scale-up" fyrirtæki til að hjálpa þeim á næsta stig í stækkun. Til að flokkast sem "scale-up" fyrirtæki þarf það að vera með fleiri en 10 starfsmenn og um 300 milljónir króna í veltu.



Hér á Ísland er mjög gott stuðningskerfi og því er það ekki hræðilegt ef fólk mistekst í fyrirtækjastofnun. Betra er að mistakast heldur en að reyna aldrei, því mögulega telur þú þetta of flókið eða erfitt þó svo að góð hugmynd sé til staðar. Það eru margir í viðskiptalífinu sem vilja gera sitt besta til að hjálpa ungu fólki að stofna fyrirtæki ef leitað er til þeirra. Einnig er alltaf hægt að leita til Klak Icelandic Startups og þau hjálpa eftir bestu getu og/eða vísa á þá sem geta aðstoðað. Flestir sjálfbóðaliðar hjá Klak Icelandic Startups eru forstjórar, framkvæmdastjórar og sérfræðingar sem gefa vinnu sína frítt til að hjálpa ungu fólki ná markmiðum sínum.

Með því að styðjast við sprotuferlið geta frumkvöðlar á auðveldan hátt sótt sér viðeigandi styrki og stuðning á hverju stigi þróunar.

KLAK Icelandic Startups

Sprotuferlið

Hugmynd

Ertu með hugmynd? Frábært, þá ferð þú í næsta skref. Vantar þig hugmynd en þig langar að fá hugmynd? Flestar hugmyndir eru í raun hnitmiðaðar lausnir á algengum vandamálum svo til að fá hugmynd er gott að horfa á heiminn með gagnrýnum augum og reyna finna hvað má betur fara.



Gulleggið

Gulleggið er frumkvöðlakeppni á hugmyndastigi og skráningarfrestur hennar er 13. janúar. Forkeppnin er síðan 21. janúar og bestu 10 hugmyndirnar komast áfram í aðalkeppnina sem haldin er 4. febrúar. Hægt er að skrá sig með eða án hugmynda og keppt er um bestu kynninguna.



Fræið

Fræið er styrkur úthlutaður af Tækniþróunarsjóði með það markmið að styðja við hugmyndir og verkefni á frumstigi sem geta leitt af sér stærri þróunarverkefni. Til þess að sækja um Fræið þarf að skila inn 10 glæru kynningu sem gerir hugmyndinni góð skil.



Hraðlar

Klak keyrir árlega 3-4 viðskiptahraðla með mismunandi áherslur. Ef þú ert búinn að taka þátt í Gullegginu, jafnvel búinn að fá Fræið sem styrk og ert með gott teymi sem er tilbúið í næsta skref, þá er viðskiptahraðall málið fyrir þig. Kjarninn í hröðlum frá Klak eru mentorþrógrömin, þar sem frumkvöðlar eru tengdir við aðra reynslumikla frumkvöðla og sérfræðinga úr viðskiptalífínu.



Sproti

Sproti er styrkur sem er einnig veittur af Tækniþróunarsjóði og getur numið allt að 20 milljónum króna á tveimur árum. Hann er ætlaður ungum nýsköpunarfyrirtækjum og frumkvöðlum sem eru að vinna að verkefni á byrjunarstigi.



Dafna

Dafna eru vinnustofur fyrir þau sem hlotið hafa Sprotastyrk frá Tækniþróunarsjóði. Hér hefst vinnan fyrir alvöru. Vinnustofurnar eru vikulangar og eru haldnar tvisvar á ári og í kjölfar þeirra fá allir styrkþegar útnefndan mentor sem fylgir þeim næstu sex mánuðina.



Fjármögnun

Ýmsar leiðir eru til fyrir sprotafyrirtæki sem leitast eftir því að fjármagna verkefni sín, hópfiármagnanir, lán, styrkir eða vísisjóðir eru nokkrar leiðir sem hægt er að nefna.



Hraðball 2.0

Hraðlar fyrir lengra komin fyrirtæki er oft gott að sækja utan landsteinana og tekur Klak þátt í því að kynna og finna fyrirtæki inn í alþjóðlega hraðla.



Vöxtur

Vöxtur er enn annar styrkur frá Tækniþróunarsjóði sem getur numið allt að 50 milljónum króna á tveimur árum og er ætlaður til að styrkja þróunarverkefni sem komin eru af frumstigi hugmynda.



Ítarlegri upplýsingar er hægt að finna á www.klak.is



Stjörnuþá Mágusar

Steingeit (22. des. - 19. jan.)

Besta match: meyja, naut, fiskur.



Þetta er þinn tími til að fara út fyrir þægindarammann, gera eitthvað öðruvísi og klinkað. Vinur þinn þarf á hjálp að halda en þorir ekki að biðja um hana, vertu til staðar fyrir hann.

Ábyrg - Jarðbundin - Introvert - Chaotic

Hrútur (21. mars - 19. apríl)

Besta match: tvíburi, ljón, vatnsberi.



Heppnin er með þér á þessu ári, taktu þátt í sem flestum happdrættum, bingó og gjafaleikjum því líkurnar eru með þér. Farðu þó varlega á vegnum því bíslýs eru því miður

frekar algeng hjá hrútum.

Hugrakkur - Áræðinn - Slægur - Generic

Krabbi (22. júní - 22. júlí)

Besta match: naut, meyja, fiskur.



Sama hversu mikið þú streitist á móti hinu illa mun það alltaf ná að spretta upp rótum sínum. Mundu að stundum er betra að gefa eftir og leyfa alheiminum að ráða.

Basic - Heiðarlegur - Varkár við nýjum hlutum - Einfaldur

Vog (23. sept. - 23. okt.)

Besta match: ljón, naut, vatnsberi.



Það er allt í lagi að vera svolítið spes. Ekki hugsa of mikið um hvað fólk er að slúðra um þig, hunsaðu það bara. Þú ert ekert með of stórt enni. Það sem skiptir máli er það sem

er að innan.

Chilluð - Vinaleg - Langar í frið á jörðu - Sjarmerandi

Vatnsberi (20. jan. - 18. feb.)

Besta match: hrútur, vog, tvíburi.



Þú heldur uppi stemmninni í partýum, við þurfum fólk eins og þig. En er ekki fin hugmynd að taka næstu helgi bara rólega? Þú vaknaðir síðasta sunnudag í koju með sextugum rúmena í kjallaraíbúð í Hlíðunum, í jakka sem þú átt ekki og með bullandi yfirdrátt eftir flöskuborð á Sólon.

Extrovert - Gáfaður - Forvitinn - Einstakur

Naut (20. apríl - 20. maí)

Besta match: krabbi, sporðdreki, vog.



Myrkrið hefur náð algjörum tökum á lífi þínu. Með hækkandi sóli koma þó bjartari dagar og siggið í hægri lófanum á þér mun hverfa þegar þú hittir loks

ást þína í lífinu. Fimm hristinga dagar munu heyrast sögunni til á komandi ári og hamingjan tekur við.

Tryggt - Eterískt - Himneskt - Öðruvísi

Ljón (23. júlí - 22. ágúst)

Besta match: vog, meyja, hrútur.



Taktu næstu helgi rólega. Horfðu á My Girl, gráttu smá. Stundum þarf smá tíma til að hlaða rafhlöðurnar í rólegheitum. Þegar maður flýttir sér er djöfullinn að hlæja.

Queen B - Orkufullt - Öfvirkt - Stutt í tárin

Sporðdreki (24. okt. 21. nóv.)

Besta match: naut, krabbi, tvíburi.



Það er öllum alveg sama hvað þú gerðir á Tene í vetur, allir voru að gera það sama. Sætuefnin í hvíta Monsterinum fara ekki vel í tennurnar, sérstaklega ef þú burstar ekki.

Sjálfhverfur - Kaldhæðinn - Intense - Viðkunnanlegur

Fiskur (19. feb. - 20. mars)

Besta match: bogamaður, steingeit, vog.



Nú er að bregða aftur dagsins ljós þá leitar hugur þinn á vit nýrra tækifæra og löngunin til ævintýra tekur við af myrka tímabilinu. Farðu í sturtu, það er nú kominn tími til.

Badass - Hávaxinn - Mjúkur að innan - Tófrandi

Tvíburi (21. maí - 21. júní)

Besta match: hrútur, sporðdreki, vog.



Staða júpiters á himni segir að mikilvægt er fyrir tvíbura að vera góður við ömmu sína, mögulega á hún ekki mikið eftir. Settu aleiguna í Bitcoin, það getur ekki klinkað.

Fyndinn - Gaslighting - Sérfræðingur í ástum - Klókur

Meyja (23. ágúst - 22. sept.)

Besta match: krabbi, steingeit, naut.



Þú ert down bad. Það kemur þó fyrir besta fólk þannig ekki dvelja of lengi á því. Hættu að pæla í því og skelltu þér á djammíð meistari. Bærinn bíður.

Tilfinningarík - Fullkomin í trúnað - Skapandi - Þúkalegur

Bogamaður (22. nóv. - 21. des.)

Besta match: vatnsberi, fiskur, hrútur.




Það er mikið álag á þér núna, mikilvægt er fyrir þig að fara út í göngutúr reglulega til að hleypra vonda orkunni út. Þú ættir að byrja hugleiða til að komast í takt við þitt innra sjálf.

Love spreader - Hæfileikaríkur - Dagdreymir mikið - Klisjulegur

Drykkjuleikir

Horse Race

Spilum er raðað svona upp:



- Hver leikmaður á að veðja ákveðna marga sopa á eina sort, drekkur síðan þá sopa áður en spilið hefst.
- Dregið er spil úr bunkanum, ásinn á borðinu sem tilheyrir sömu sort og spilið sem dregið var fer áfram um einn. Þá er spilið á hvolfi á móti ásinum snúið við, ef það er af sömu sort, verður ásinn eftir, ef ekki þá fer hann aftur til baka. Eftir að spilið á hvolfi hefur verið snúið við, skiptir það ekki lengur máli.
- Fyrsta ás sem nær að fara alveg út í enda, yfir seinasta spilið á hvolfi, sigrar og þeir sem settu veð á þá sort geta gefið tvöfalt magn af þeim sopum sem þeir drukku í byrjun. Einnig er hægt að bæta við þeirri reglu að þegar þín sort er dregin þá drekkuru sopa.

Opus

- Lagið "Opus" með Eric Prydz er spilað (það er á Spotify).
- Tveir, eða fleiri (fer eftir fjölda fólks) teningar eru í gangi í einu og kastað er þangað til maður fær annað hvort 1 eða 2.
- Ef þú færð 1, fer teningurinn til leikmanns á hægri hendi, ef fengið er 2 fer teningurinn til leikmanns á vinstri hendi.
1=Hægri
2=Vinstri
- Þeir sem enda með teninga þegar beatið í laginu droppar, þurfa að klára drykkinn sinn.

Spurningaleikurinn

- Leikmaður spyr leikmann á hægri hendi eina spurningu, leikmaðurinn á hægri spyr síðan leikmanni á hægri hendi sinni spurningu og svo koll af kalli.
- Spurningin má vera hvernig sem er, en hér flækjast málin; ekki má endurtaka spurningu sem einhver annar hefur spurt og ekki má hika við að spurja spurninguna eða hlæja inn á milli, spurningin þarf að koma hiklaust til næsta leikmanns.
- Leikmaður sem hikar eða spyr spurningu sem hefur komið áður dettur út og þarf að klára drykkinn sinn
- Seinasti leikmaður sem eftir stendur vinnur.



Froskurinn

- Setningin er "Froskurinn hoppaði ofaní pollinn blúbb".
- Farið er í hring, sá sem byrjar fyrst segir "froskurinn", næsti leikmaður segir "hoppaði", næsti segir "ofaní", o.s.frv.
- Þegar setningin hefur verið sögð einu sinni er hringurinn endurtekinn, en í þetta skipti þarf hvert orð að vera sagt tvisvar. Þannig að fyrsti sem byrjar segir "froskurinn", næsti segir "froskurinn, næsti segir "hoppaði", næsti segir "hoppaði", o.s.frv.
- Ef leikmenn ná að fara með alla setninguna tvisvar, er hvert orð sagt þrisvar, síðan fjórum sinnum og alveg þangað til leikmaður ruglast.
- Sá aðili sem ruglast drekkur sopa og leikurinn byrjar upp á nýtt.

Ring of fire - Mágus edition



- Flaska, glas, eða dós er sett í miðjuna á borðinu, í kringum það er síðan dreift spilabunka, svo spilin mynda hring í kringum hlutinn.
- Dregið er spil úr þessum hring, en varlega, því ef það myndast gat í hringnum verður leikmaður að klára það sem er í glasinu, dósinni eða flöskunni.
- Ef spilað er með flösku, setja leikmenn spilið ofan á flöskustútinn eftir að hafa dregið.

Ef þú færð þetta spil, gerast eftirfarandi hlutir:

- 1: waterfall, einn byrjar að chugga og svo sá næsti, það má svo ekki hætta fyrr en sá sem er hægra megin við þig hættir
 - 2: two is you, gefðu sopa.
 - 3: three is me, drekkstu sopa.
 - 4: four is floor, seinasti til að snerta gólfíð drekkur.
 - 5: five is guys, strákar drekka.
 - 6: six is chicks, stelpur drekka.
 - 7: seven is heaven, seinasti til að benda upp í loftið drekkur.
 - 8: eight is mate, velur þér drykkjufélaga, þegar drykkjufélaginn drekkur þá drekkur þú líka.
 - 9: nine is rhyme, velur orð og svo gengur það hringinn og allir segja orð sem rímar. Sá sem hikar eða segir orð sem hefur verið sagt nú þegar drekkur.
 - 10: ten is categories, velur tegund af einhverju og allir þurfa þá nefna eitthvað í þeirri tegund. Sá sem hikar eða segir eitthvað sem hefur verið sagt nú þegar eða sem er ekki hluti af þeirri tegund drekkur.
- Gosi: Never have I ever, 5 puttur og þið kunnið rest.
- Drottning: þú ert snake eyes, ef einhver horfir í augun þín þá þurfa þeir að drekka, þangað til einhver annar dregur drottningu.
- Kóngur: Gera reglu og ef spilað er með glas í miðjunni, þá á að hella smá af sínum drykk í glasið.

P.S.

Drink safe :) Mágus ábyrgist engin slys.





START!

4 skot

Kastaðu aftur

Body shot baby!
Veldu leikmann og taktu eitt nafnlaskot

Farðu 3 afturábak. Æjæj

Truth eða skot

Dare eða skot

Never have I ever 3 puttar

Veldu þér cupid/mate ef þú drekkur þá drekkur mate

Allir taka 1 skot

Búa til reglu.

Taktu 30 sopa. Nei djök, 3 sopa

Klárðu drykkinn þinn!
Núna!

Veldu einhvern sem á að taka 5 sopa

segðu 2 truths and one lie, hvort er lygi? allir sem velja rangt taka sopa

Gentlemen drekka

Ladies drekka

Spin the bottle!

Gerðu 7 armbeygjur
Getur ekki?
Taktu skot aumingi

Hópurinn velur hvað er gert... hmmm..

Skiptu um stað við einhvern

Einhleipir drekka

Skái. Allir drekka

Shotgunna bjór
letsgooo

Waterfall

Knúsaðu þann á vinstri í 15. sek.

Aftur á byrjunarreit :)
Sorry.

Allir drekka 3 sopa

Allir á föstu drekka

Safe spot. Hjúkket

Dökkhærðir drekka
Ljóskur safe

Gefðu einhverjum mystery shot, þúkinn þinn

Gefðu 6 sopa

Chugga í 20 sek.

Segðu sannleikann. Hópurinn velur spurningu

ÞÚ VANNST!



Er meistaranám næst á dagskrá?

11 mismunandi leiðir til að taka næsta skref

Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti

Nýsköpun og viðskiptaþróun

Stjórnun og stefnumótun

Mannauðsstjórnun

Verkefnastjórnun

Þjónustustjórnun

Fjármál M.Fin.

Fjármál fyrirtækja

Reikningsskil og endurskoðun

Skattaréttur og reikningsskil

Viðskiptafræði MS